



# Skattframtal rekstraraðila

# 2011

Leiðbeiningar og dæmi

# Efnisyfirlit

|                                                                                  |   |
|----------------------------------------------------------------------------------|---|
| Almennar upplýsingar .....                                                       | 3 |
| Framtalsskil rekstraraðila .....                                                 | 4 |
| Þrenns konar skilaform RSK 1.04 .....                                            | 6 |
| Helstu breytingar á skattframtali rekstraraðila milli áráanna 2010 og 2011 ..... | 7 |
| Mismunur milli pappírforms RSK 1.04 og rafræns forms .....                       | 8 |

## Fyrsta síða

|                                                                                                                                   |    |
|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Upplýsingar um framteljanda                                                                                                       |    |
| – Hver annast framtalsgerð .....                                                                                                  | 9  |
| Atvinnugreinarnúmer, virðisaukaskattsnúmer og tegund rekstrar .....                                                               | 10 |
| Athugasemdir .....                                                                                                                | 11 |
| Sundurliðun á reitum 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621 ..... | 11 |
| Samrekstraraðilar .....                                                                                                           | 12 |
| Álagningargrunnur gjalda og fleira .....                                                                                          | 13 |
| Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum .....                                                                                      | 13 |

## Önnur síða

|                                           |    |
|-------------------------------------------|----|
| Tekjur .....                              | 14 |
| Gjöld .....                               | 16 |
| Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts ..... | 16 |

## Þriðja síða

|                                                                     |    |
|---------------------------------------------------------------------|----|
| Önnur sundurliðun gjalda .....                                      | 20 |
| Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings .....                             | 22 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, aðrar tekjur og önnur gjöld ..... | 23 |
| Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir .....                      | 25 |

## Fjórtða síða

|                |    |
|----------------|----|
| Eignir .....   | 28 |
| Eigið fé ..... | 30 |
| Skuldir .....  | 32 |

## Fimmta síða

|                                                                       |    |
|-----------------------------------------------------------------------|----|
| Leiðréttingar á eigin fé .....                                        | 34 |
| Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning ..... | 36 |
| Ýmis innskattur .....                                                 | 37 |

## Sjötta síða

|                                                |    |
|------------------------------------------------|----|
| Launaframtal - Stofn til tryggingagjalds ..... | 38 |
|------------------------------------------------|----|

|                                                            |    |
|------------------------------------------------------------|----|
| <b>Leiðbeiningar um útfyllingu eignaskrár RSK 4.01</b> ... | 40 |
|------------------------------------------------------------|----|

|                                                     |    |
|-----------------------------------------------------|----|
| <b>Auðkenni eigna</b> - Tegundarflokkun eigna ..... | 41 |
|-----------------------------------------------------|----|

|                                                       |    |
|-------------------------------------------------------|----|
| <b>Yfirlit hlutabréfaeignar í öðrum félögum</b> ..... | 42 |
|-------------------------------------------------------|----|

### Dæmi 1:

|                                                        |    |
|--------------------------------------------------------|----|
| Tekjur undir viðmiðunarmörkum í virðisaukaskatti ..... | 43 |
|--------------------------------------------------------|----|

|                                                     |    |
|-----------------------------------------------------|----|
| <b>Dæmi 2:</b> Maður með sjálfstæða starfsemi ..... | 44 |
|-----------------------------------------------------|----|

|                                                    |    |
|----------------------------------------------------|----|
| <b>Dæmi 3:</b> Meðferð launa og tengdra liða ..... | 46 |
|----------------------------------------------------|----|

|                                                     |    |
|-----------------------------------------------------|----|
| <b>Dæmi 4:</b> Færsla á útskatti og innskatti ..... | 47 |
|-----------------------------------------------------|----|

|                                                 |    |
|-------------------------------------------------|----|
| <b>Dæmi 5:</b> Fyrningar og aukafyrningar ..... | 48 |
|-------------------------------------------------|----|

|                              |    |
|------------------------------|----|
| <b>Atriðisorðaskrá</b> ..... | 49 |
|------------------------------|----|

# Almennar upplýsingar

Á skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04** eru eignir/skuldir og tekjur/gjöld sundurliðuð með samræmdum hætti. Form framtalsins tekur mið af almennri framsetningu rekstrar- og efnahagsreiknings rekstraraðila. Framtalið er þannig bæði ætlað lögaðilum og einstaklingum með eigin atvinnurekstur.

Í textanum sem hér fer á eftir verður vísað til þessa skattframtals sem **RSK 1.04**. Þegar vísað er í skattalög er átt við lög nr. 90/2003 um tekjuskatt með síðari breytingum.

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar til að auðvelda framteljendum að fylla út framtalið. Hafa ber í huga að þær skilgreina almennt hvorki reikningshalds- né skattahugtök. Komi upp ágreiningur um túlkun á einstaka atriðum, sem varða útfyllingu framtalsins, svo sem á rétti til frádráttar o.þ.h., hafa leiðbeiningar þessar ekki lagagildi.

Form framtalsins og leiðbeiningar um útfyllingu þess ber ekki að túlka sem skilgreiningar og fyrirmæli um gerð ársreikninga skv. lögum nr. 145/1994 um bókhald og lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Útfylling og skil á **RSK 1.04** undanþiggur aðila ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til ársreikninga í framangreindum lögum.

## Framtalseyðublöð

Framtalseyðublöð fást á skattstofum. Sýnishorn af eyðublöðunum má auk þess nálgast á vef ríkisskattstjóra, **rsk.is**.

## Hvar á að skila skattframtali?

Skattframtali skal skilað rafrænt á vefnum **skattur.is** eða á pappír á skattstofu eða aðalskrifstofu ríkisskattstjóra.

## Skilafrestur

Skattframtali einstaklinga sem hafa með höndum atvinnurekstur ber að skila eigi síðar en 23. mars 2011.

Skattframtali lögaðila ber að skila eigi síðar en 31. maí 2011, nema annað verði ákveðið sérstaklega.

## Varðveisla gagna

Gögn þau, er framtalið byggist á, er nauðsynlegt að varðveita í a.m.k. 6 ár. Geyma skal bókhald, bókhaldsfylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn, þar með talin gögn sem varðveitt eru á tölvutæku formi, á tryggan og öruggan hátt í sjö ár frá lokum reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en þrjú ár frá lokum reikningsárs, enda liggja fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

## Vefskil á RSK 1.04

Boðið er upp á skil **RSK 1.04** í *vefframtali ríkisskattstjóra*. Farið er inn á vefframtalið í gegnum þjónustusiðu á **skattur.is** og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

Notkun vefframtalsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í vefframtalinu innbyggð villuprófun, sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

## Skil með tölvuskeyti úr framtalsforriti

Skila má **RSK 1.04** með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti, eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforriti endurskoðenda og bókara.

## Skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04** má skila:

- Á vefframtali á þjónustusiðu, **skattur.is**
- Með dulrituðu og undirrituðu **XML-skeyti** úr framtalsforritum endurskoðenda og bókara
- Á pappírseyðublaði **RSK 1.04**

Mælt er með því að skattframtal rekstraraðila **RSK 1.04** sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi!

# Framtalsskil rekstraraðila

## Skil á árinu 2011

Á árinu 2011 er lögaðilum, sbr. 2. gr. skattalaga, gert skylt að skila skattframtali sínu á forminu *RSK 1.04*. Jafnframt er einstaklingum í rekstri með veltu yfir kr. 20 millj. á ári gert skylt að skila framtali vegna rekstrarins á forminu *RSK 1.04*. á árinu 2011.

*Skil annarra einstaklinga í rekstri eru með þeim hætti, að þeir eiga að nota formið RSK 4.11 ef velta þeirra er á bilinu kr. 500 þús. til kr. 20 milljónir (án vsk.). Ef veltan er undir kr. 500 þús. og engar eða óverulegar eignir eru í rekstrinum, þá eiga einstaklingar í rekstri að nota formið RSK 4.10.*

*Bændur í hefðbundnum landbúnaði, aðrir en lögaðilar í búrekstri, geta ekki skilað RSK 1.04 vegna búrekstrar. Skil þeirra skulu vera með sama hætti og áður (landbúnaðarskýrsla RSK 4.08).*

## Skattskil með RSK 1.04

Með skilum á *RSK 1.04* skal í öllum tilvikum fylgja ósamandreginn ársreikningur viðkomandi félags, ásamt skýringum. Fjárhæðir á *RSK 1.04* skulu þannig grundvallast á ársreikningi hvers einstaks félags vegna rekstrar þess - óháð því hvort framteljandi hefur stöðu móður- eða dótturfélags innan fyrirtækjasamstæðu. Ársreikningi er hægt að skila raf-rænt í gegnum þjónustusiðu, *skattur.is*.

Með skilum á *RSK 1.04* skal einnig, eftir því sem við á, fylgja:

- *RSK 4.01* Eignaskrá.
- *RSK 4.03* Rekstraryfirlit fólksbifreiðar.
- *RSK 4.09* Greinargerð um fólksbifreiðar.
- *RSK 4.21* Skattfrádráttur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar hjá nýsköpunarfélagi.
- *RSK 4.25* Skýrsla eigenda í lögaðila á lágskattasvæði (CFC).
- *RSK 2.025* Greiðsluyfirlit vegna greiðslna til erlendra aðila.

**Sundurliða skal leiðréttingar skv. reitum 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621 í sérstakri töflu sem fylgir með framtalinu (sjá framhaldsblað *RSK 4.14*).**

Lögaðilar í búrekstri þurfa enn fremur að skila sérstöku eyðublaði í rafrænum skilum, *RSK 4.07*, ásamt *RSK 1.04*. Á þessu eyðublaði er útreikningur búnaðargjaldsstofns og yfirlit yfir bústofn. Skili lögaðilar í búrekstri *RSK 1.04* á pappír, þarf að fylgja með bústofnshluti landbúnaðarskýrslu *RSK 4.08*, ásamt búnaðargjaldsframtali *RSK 1.09*.

Eyðublöðunum *RSK 10.26* og *RSK 10.27* ber eftir atvikum að skila vegna virðisaukaskatts. Jafnframt þarf að skila eyðublaði *RSK 10.25* vegna hvers virðisaukaskattsnúmers, ef framteljandi hefur fleiri en eitt slíkt númer.

## Skil aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu á RSK 1.04

Þegar talað er um aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu er átt við:

- Sameignarfélag, sem ekki er sjálfstæður skattaðili, þ.e. skattur er ekki lagður á félagið sjálft heldur eigendur þess, en félagið er þó skráð og hefur eigin kennitölu.
- Samrekstur, sem er skráður og hefur eigin kennitölu.
- Samrekstur, sem er óformlegur og því ekki skráður og hefur ekki kennitölu.

Þegar um slíka aðila er að ræða, sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu, bera þeir sem standa að rekstrinum skattskylduna. Skila þarf *RSK 1.04* vegna rekstrarins og ber hver einstakur eignaraðili ábyrgð á skilum skattframtalsins. Sameignarfélag skilar *RSK 1.04* í eigin nafni og sama á við um skráðan samrekstur. Óskráður samrekstur skilar *RSK 1.04* í nafni eins af samrekstraraðilunum.

Á fyrstu síðu skattframtalsins er skattstofnum skipt á eigendur rekstrarins og færast hlutur hvers eiganda í reiknuðu endurgjaldi, tekjum/tapi og eignum/skuldum á framtal hans. Skattar vegna rekstrarins eru þannig lagðir á eigendur skv. skattframtölum þeirra.

## Skil aðila sem eru undanþegnir almennum tekjuskatti

Aðilar, sem eru undanþegnir skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, eiga í vissum tilvikum að skila sérstöku skattframtali óskattskyldra lögaðila **RSK 1.06**, en eiga **ekki** að skila skattframtali rekstraraðila *RSK 1.04*. Hægt er að skila *RSK 1.06* með rafrænum hætti.

Þessir lögaðilar eiga að skila **RSK 1.06** ef þeir greiða tryggingagjald vegna launagreiðslna, búnaðargjald, fjármagnstekjuskatt vegna fjármagnstekna sem ekki var tekin rétt staðgreiðsla af, eða ef þeir voru í virðisaukaskattsskyldri starfsemi.

Ef ekki er um neitt slíkt að ræða, þá þurfa þessir lögaðilar **ekki** að skila skattframtali *RSK 1.06*.

Með skilum á *RSK 1.06* eiga eftir atvikum að fylgja eyðublöðin *RSK 10.25*, *RSK 10.26* og/eða *RSK 10.27* vegna virðisaukaskatts.

## Tengsl *RSK 1.04* og persónuframtals

*RSK 1.04* og persónuframtal tengjast á þann hátt að útfylling ákveðinna reita á persónuframtalinu byggist á *RSK 1.04*. Fjárhæðir sem færast á persónuframtal eru sóttar í mismunandi reiti á *RSK 1.04* eftir því hvort um er að ræða framtal vegna einstaklingsrekstrar eða skattaðila sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu.

Sé um að ræða einstaklingsrekstur eru fjárhæðir sem færast á persónuframtal sóttar í eftirtalda reiti á *RSK 1.04*:

- Fjárhæð í reit 24, reiknað endurgjald á persónuframtali, er hluti framteljanda í reiknuðu endurgjaldi sem sótt er í reit 3080.

- Fjárhæð í reit 62, hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í reit 0900.
- Fjárhæð í reit 01, hrein eign samkv. efnahagsreikningi á persónuframtali, er sótt í reit 0920.
- Fjárhæð í reit 165, skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í reit 0930.
- Fjárhæð í reit 309, staðgreiðsla af fjármagnstekjum í eigin atvinnurekstri, er sótt í reiti 9000 og 9010.

Sé einstaklingur aðili að rekstri sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu eru fjárhæðir sem færast á persónuframtal sóttar í eftirtalda reiti á *RSK 1.04*:

- Fjárhæð í reit 24, reiknað endurgjald á persónuframtali, er sótt í viðeigandi línu í reit 0710.
- Fjárhæð í reit 62, hreinar tekjur af eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í sömu línu í reit 0720.
- Fjárhæð í reit 01, hrein eign samkv. efnahagsreikningi á persónuframtali, er sótt í sömu línu í reit 0730.
- Fjárhæð í reit 165, skuldir umfram eignir í eigin atvinnurekstri á persónuframtali, er sótt í sömu línu í reit 0730.

Ef einstaklingur er með eigin rekstur og er jafnframt aðili að rekstri sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, þá er hlutur hans í hreinum tekjum/tapi og hreinni eign/skuld sóttur í viðeigandi línu í reit 0720 og 0730 á *RSK 1.04* vegna þess rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Umræddar fjárhæðir eru færðar í reit 3680 og í reit 5050 á *RSK 1.04* vegna einstaklingsrekstrarins og gerðar leiðréttingar í reitum 4100 og 7080 á framtali hans, ef um þær er að ræða. Þetta þýðir að samtala fjárhæðanna í reitum 3680 og 4100 á framtali einstaklingsrekstrarins á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0720 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Á sama hátt gildir að samtala fjárhæðanna í reitum 5050 og 7080 á framtali einstaklingsrekstrarins á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0730 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu.

**Tengsl framtals hlutafélags eða sameignarfélags sem ber sjálfstæða skattskyldu og framtals rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu**

Hlutdeild hlutafélags eða sameignarfélags í hreinum tekjum/tapi og hreinni eign/skuld, sem færð er í reiti 0720 og 0730 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, skal færð í reit 3680 og reit 5050 á framtali eignaraðilans og gerðar leiðréttingar í reitum 4100 og 7080, ef um þær er að ræða. Þetta þýðir að samtala fjárhæðanna í reitum 3680 og 4100 á framtali eignaraðilans á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0720 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Á sama hátt gildir að samtala fjárhæðanna í reitum 5050 og 7080 á framtali eignaraðilans á að stemma við fjárhæðina sem sótt var í reit 0730 á framtali rekstrar sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu.

#### **Pappírframtalsblöð RSK 4.14**

Ef ekki eru nógu margar línur á *RSK 1.04* til að sundurliða upplýsingar um samrekstraraðila, skal nota framtalsblað *RSK 4.14*. Merkja skal í þar til gerðan reit (0060) á *RSK 1.04*.

Nota má fleiri en eitt framtalsblað þegar þær upplýsingar sem gefa þarf rúmast ekki á einu blaði. Í slíkum tilvikum skulu samanlagðar samtölur af öllum framtalsblöðum fluttar í einu lagi í viðeigandi reit á skattframtali rekstraraðila.

Á framtalsblöðunum er einnig að finna sundurliðun á skattalegum leiðréttingum sem fram koma í reit 4400 á 4. síðu *RSK 1.04*. Ef reitur 4400 á *RSK 1.04* er útfylltur skal því undantekningalaust skila framtalsblöðunum *RSK 4.14*.

Á framtalsblöðunum er að finna sundurliðunartöflu fyrir leiðréttingar skv. reitum 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621.

Öll framtalsblöð verða að vera merkt með kennitölu.

*Sé framtali skilað á tölvutæku formi, þarf aldrei að skila framtalsblaði RSK 4.14, því reitir framtalsblaðsins eru innbyggðir í tölvutæka framtalsformið.*

## **Mikilvæg atriði varðandi útfyllingu RSK 1.04:**

- **Ljúka þarf útfyllingu á öllu framtalinu, eftir því sem við á. Allar blaðsíður framtalsins mynda í raun eitt samhangandi form.**
- **Nauðsynlegt er að fylla út í samtölureiti. Þetta gildir sérstaklega um reiti 4990 og 7990. Í rafrænu framtali er sjálfvirkur útreikningur á samtölum.**
- **Fjárhæðir í reitum 4990 og 7990 skulu undantekningalaust fluttar í reiti 0900/0910 og 0920/0930, á forsíðu framtalsins. Þetta gerist með sjálfvirkum hætti í rafrænu framtali.**

# Prenns konar skilaform RSK 1.04

Skattframtali rekstraraðila **RSK 1.04** má skila á þrjá mismunandi vegu:

- Á vefframtali á þjónustusíðu, **skattur.is**.
- Með dulrituðu og undirrituðu **XML-skeyti** úr framtalsforritum endurskoðenda og bókara.
- Á pappírseyðublaði **RSK 1.04**.

Jafnframt skal skila viðeigandi fylgigögnum, sbr. umfjöllun á bls. 4.

**Mælt er með því að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.**

## Á pappírseyðublaði RSK 1.04

Eftirfarandi atriði ber að hafa í huga ef skilað er á prentuðu formi:

### Eyðublað

Aðeins er tekið á móti framtali á prentuðu eyðublaði ríkisskattstjóra, þ.e. *RSK 1.04*.

### Véiritun

Æskilegt er að framtalið sé véritað.

4520

**1.800.000**

### Handskrift

Séu fjárhæðir handskrifaðar þarf að gæta þess að skrifa skýrt og greinilega.

4520

1.800.000

*Færið allar fjárhæðir í heilum krónum. Notið - (mínus) en ekki sviga til að sýna neikvæðar fjárhæðir.*

*Mjög mikilvægt er að lokið sé við útfyllingu framtalsins, þ.e. að fyllt sé út í alla samtölureiti, eftir því sem við á.*

## Skil með tölvuskeyti úr framtalsforritum

Skila má *RSK 1.04* með dulrituðu og undirrituðu XML-skeyti eftir að framtalið hefur verið fyllt út á tölvutæku formi í framtalsforritum endurskoðenda og bókara.

Við skil fara þessi framtöl í gegnum *villuprófun* hjá RSK, sem tryggir réttar samtölur og innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

## Vefframtal á *skattur.is*

Boðið er upp á skil á *RSK 1.04* í *vefframtali ríkisskattstjóra*. Farið er inn á vefframtalið í gegnum þjónustusíðu á *skattur.is* og til þess notuð kennitala og veflykill. Veflykillinn er sendur öllum nýjum framteljendum á sérstöku blaði.

Notkun vefframtalsins við framtalsgerðina tryggir að samtölur í framtalinu verða réttar. Einnig er í vefframtalinu innbyggð *villuprófun*, sem kannar innbyrðis samræmi í útfylltu framtali.

Við skil fara þessi framtöl í gegnum *villuprófun* hjá RSK.

***Eindregið er mælt með því að skattframtal rekstraraðila RSK 1.04 sé fyllt út og skilað á tölvutæku formi.***

Fjárhæðir skal alltaf færa í heilum krónum



# Helstu breytingar á skattframtali rekstraraðila RSK 1.04 milli áráanna 2010 og 2011

Eftirfarandi yfirlit sýnir þær breytingar sem orðið hafa á **RSK 1.04** frá árinu 2010.

## Nýir reitir sem koma inn á framtalið:

| Reitaheiti                                                                  | Reitanúmer  | Formerki |
|-----------------------------------------------------------------------------|-------------|----------|
| Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki                               | 0987        | +        |
| Rannsóknar- og þróunarkostnaður hjá nýsköpunarfyrirtæki skv. eyðublaði 4.21 | 0988        | +        |
| Virðisaukaskattsskyld sala 25,5%                                            | 1015        | +        |
| Afskrifaðar viðskiptakröfur 25,5%                                           | 2475        | +        |
| Afskrifaðar viðskiptakröfur - Undanþegin starfsemi (2. gr.)                 | 2505        | +        |
| <b>Samtals afskrifaðar viðskiptakröfur</b>                                  | <b>2830</b> | <b>+</b> |
| Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda                                        | 3665        | +        |
| Takmörkun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda                              | 4165        | -        |
| Frestun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda                                | 4167        | -        |
| Tekjufærsla vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum skv. eyðublaði 4.25 | 4399        | +        |
| Innborganir fyrir afhendingu (25,5% skattþrep)                              | 6785        | +        |
| Skattskyld velta án vsk. í 25,5% þrepi samkvæmt bókhaldi og ársreikningi    | 0505        | +/-      |
| Skattskyld velta án vsk. í 25,5% þrepi samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum    | 0555        | +/-      |
| Skattskyld velta án vsk. í 25,5% þrepi, mismunur                            | 0605        | +/-      |

## Reitir sem detta út af framtalinu:

| Reitaheiti                                       | Reitanúmer |
|--------------------------------------------------|------------|
| Iðnaðarmálagjaldsstofn                           | 0950       |
| Arðstekjur sameignarfélags í 15% þrepi           | 0971       |
| Virðisaukaskattsskyld sala 24,5%                 | 1010       |
| Samtals gjöld í 14% vsk. þrepi                   | 2810       |
| Frestaðar tekjur skv. 60. gr. í lok reikningsárs | 4011       |
| Innborganir fyrir afhendingu (24,5% skattþrep)   | 6780       |
| Frestaðar tekjur skv. 60. gr. skattalaga         | 7020       |

## Breytt reitaheiti og/eða reitanúmer á RSK 1.04:

| Reitaheiti                                           |                                                          | Reitanúmer |      |
|------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|------------|------|
| Gamalt                                               | Nýtt                                                     | Gamalt     | Nýtt |
| Arðstekjur sameignarfélags í 10% þrepi               | Arðstekjur sameignarfélags                               | 0970       | 0970 |
| Afskrifaðar viðskiptakröfur - Ekki vsk.              | Afskrifaðar viðskiptakröfur - Undanþegin velta (12. gr.) | 2500       | 2500 |
| Samtals reitir 2800, 2810, 2815 og 2820              | Samtals reitir 2800, 2815, 2820 og 2830                  | 2990       | 2990 |
| Innskattur vegna innflutnings                        | Innskattur greiddur í tolli vegna innflutnings           | 0680       | 0680 |
| 24,5% af kaupverði innfluttra rekstrarfjármuna       | 25,5% af kaupverði innfluttra rekstrarfjármuna           | 0690       | 0690 |
| Frestaðar tekjur skv. 60. gr. í upphafi reikningsárs | Dreifing tekjufærslu áður frestaðra tekna skv. 60. gr.   | 4010       | 4010 |
| Ónotað tap 1999                                      | Ónotað tap 2000                                          | 4520       | 4520 |
| Ónotað tap 2000                                      | Ónotað tap 2001                                          | 4530       | 4530 |
| Ónotað tap 2001                                      | Ónotað tap 2002                                          | 4540       | 4540 |
| Ónotað tap 2002                                      | Ónotað tap 2003                                          | 4550       | 4550 |
| Ónotað tap 2003                                      | Ónotað tap 2004                                          | 4560       | 4560 |
| Ónotað tap 2004                                      | Ónotað tap 2005                                          | 4570       | 4570 |
| Ónotað tap 2005                                      | Ónotað tap 2006                                          | 4580       | 4580 |
| Ónotað tap 2006                                      | Ónotað tap 2007                                          | 4590       | 4590 |
| Ónotað tap 2007                                      | Ónotað tap 2008                                          | 4600       | 4600 |
| Ónotað tap 2008                                      | Ónotað tap 2009                                          | 4610       | 4610 |

# Mismunur milli pappírsforms RSK 1.04 og rafræns forms

Útfærsla skattframtalsins **RSK 1.04** á rafrænu formi er *ekki* nákvæmlega hin sama og á pappírforminu. Þetta stafar af þeim mismunandi möguleikum sem tölvutækni og pappírform bjóða upp á. Efnislega er þó enginn munur á **RSK 1.04** í rafrænu formi og á pappírformi.

Eftirfarandi atriði eru útfærð með öðrum hætti í rafrænu formi *RSK 1.04* en á pappír:

1. Á undan reit 4520 (yfirfæranlegt tap 2000) í rafræna forminu kemur sérstakur millisummureitur (með sjálfvirkri samlagningu og tekur summu reita 3990 til 4399). Þessi reitur heitir „Hagnaður/tap fyrir nýtingu yfirfæranlegs taps fyrir ára“ og hefur númerið 4450.
2. Í stað reits 4400 á pappírformtali koma 13 reitir í rafræna forminu (4310-4391). Þessir 13 reitir eru hins vegar til staðar á framhaldsblaði *RSK 4.14*, en því eyðublaði verður að skila með, sé skilað á pappír og reitur 4400 útfylltur. Þessir reitir eru eftirfarandi:

## Reitur


|                                                                                  |      |
|----------------------------------------------------------------------------------|------|
| Skattaleg leiðrétting vegna greiddra eftirlauna.                                 | 4310 |
| Skattaleg leiðrétting vegna eftirlaunaskuldbindinga.                             | 4320 |
| Skattaleg leiðrétting á söluhagnaði/sölutapi hlutabréfa.                         | 4330 |
| Skattaleg leiðrétting vegna fjármögnunarleigugreiðslna.                          | 4340 |
| Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna/dótturfélaganna. | 4350 |
| Skattaleg leiðrétting á áfangainnlausn tekna.                                    | 4360 |
| Skattaleg leiðrétting vegna verklokaaðferðar.                                    | 4370 |
| Bakfærð verðleiðrétting skattskuldbindingar.                                     | 4380 |
| Skattaleg leiðrétting vegna samsköttunar.                                        | 4382 |
| Skattaleg leiðrétting vegna sameiningar/samruna.                                 | 4384 |
| Skattalegar leiðréttingar sem tengjast hlutabréfa- og/eða verðbréfaeign.         | 4386 |
| Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (hækkun).                                      | 4390 |
| Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (lækkun).                                      | 4391 |



# Upplýsingar um framteljanda - Hver annast framtalsgerð

Reitir 0010 til 0040 á framtalinu eru fyrirfram útfylltir í veframtalinu með upplýsingum sem liggja fyrir hjá skattfyrirvöldum. Sé notað pappírseyðublað sem ekki er fyrirfram áprentað, verður að færa inn viðeigandi upplýsingar. Nánari leiðbeiningar varðandi útfyllingu þessara reita, þegar um er að ræða skattaðila sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu, er að finna í kaflanum *Samrekstraraðilar* á bls. 12.

Í þessum kafla er jafnframt merkt í viðeigandi reit eftir því hver annast framtalsgerð og hver tegund áritunar er á ársreikning.

|                                                                                   |  |                                                                                                                                                                      |  |                                                                                                                                                                                |  |
|-----------------------------------------------------------------------------------|--|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--|
|  |  | Bls. 1 af 6                                                                                                                                                          |  | <b>Skattframtal rekstraraðila 2011</b>                                                                                                                                         |  |
|                                                                                   |  | Allar fjárhæðir skal færa í heilum krónum                                                                                                                            |  |                                                                                                                                                                                |  |
| Framtalið berist 0010                                                             |  | Kennitala 0020                                                                                                                                                       |  | Sveitarfélag 0030 Sveitarfélagsnúmer                                                                                                                                           |  |
| Nafn - pósthfang 0040                                                             |  | Framtal unnið af 0115 <input type="checkbox"/> Bókara/skoðunarmanni 0130 <input type="checkbox"/> Eiganda/starfsmanni                                                |  | 0110 <input type="checkbox"/> Löggiltum endurskoðanda 0120 <input type="checkbox"/> Öðrum aðkeyptum verktaka 0135 <input type="checkbox"/> Ársreikn. áritaður af skoðunarmanni |  |
|                                                                                   |  | Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning                                                                                                                          |  | 0180 <input type="checkbox"/> Án endurskoðunar                                                                                                                                 |  |
|                                                                                   |  | 0140 <input type="checkbox"/> Án fyrirvara 0160 <input type="checkbox"/> Án álits 0190 <input type="checkbox"/> Ársreikningur ekki gerður af löggiltum endurskoðanda |  | 0150 <input type="checkbox"/> Með fyrirvara 0170 <input type="checkbox"/> Neikvæð áritun                                                                                       |  |

## Upplýsingar um framteljanda

### 0010 Framtalið berist

Framtalinu skal skila rafrænt á vefnum [skattur.is](http://skattur.is) eða á pappír á skattstofu.

### 0020 Kennitala

Kennitala framteljanda þarf að koma fram á öllum blaðsíðum framtalsins og auk þess á framhaldsblöðum.

### 0030 Sveitarfélag

Hér skal færa nafn og númer þess sveitarfélags, þar sem framteljandi átti lögheimili hinn 31. desember 2010.

### 0040 Nafn - pósthfang

Hér skal færa nafn framteljanda, hvort heldur um er að ræða einstakling með atvinnurekstur eða lögaðila. Hér skal einnig færa lögheimili framteljanda þann 31. desember síðastliðinn og í næstu línu færast póstnúmer og pósthfang.

## Hver annast framtalsgerð

### 0110 - 0130 Framtal unnið af

Merkt er í reitina eftir því hver hefur annast framtalsgerð.

- Ef framtal hefur verið unnið af löggiltum endurskoðanda er merkt í reit 0110.
- Ef framtal hefur verið unnið af utanaðkomandi bókara eða skoðunarmanni er merkt í reit 0115.
- Ef framtal hefur verið unnið af aðkeyptum verktaka, öðrum en löggiltum endurskoðanda, utanaðkomandi bókara eða skoðunarmanni, er merkt í reit 0120.
- Ef framtal hefur verið unnið af eiganda, starfsmanni eða öðrum, er merkt í reit 0130.

## Ársreikningur áritaður af skoðunarmanni

### 0135 Ársreikningur áritaður af skoðunarmanni

Sé ársreikningur áritaður af skoðunarmanni, en ekki af löggiltum endurskoðanda, er merkt í þennan reit. Ef áritun á ársreikning er hins vegar gerð af löggiltum endurskoðanda er merkt í einn af reitum 0140 til 0180.

## Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning

### 0140 - 0190 Áritun löggilts endurskoðanda á ársreikning

Hér er merkt í viðeigandi reit, eftir því hver áritun löggilts endurskoðanda er á ársreikninginn, sem framtalsskil byggjast á.

- Ef áritun er án fyrirvara er merkt í reit 0140.
- Ef áritun er með fyrirvara er merkt í reit 0150.
- Ef áritun er án álits er merkt í reit 0160.
- Ef áritun er neikvæð er merkt í reit 0170.
- Ef endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd er merkt í reit 0180.
- Ef ársreikningur er ekki gerður af löggiltum endurskoðanda er merkt í reit 0190.

# Atvinnugreinarnúmer, virðisaukaskattsnúmer og tegund rekstrar

Í þennan kafla eru færðar upplýsingar um atvinnugrein, virðisaukaskattsnúmer og tegund/form rekstrar. Reitir 0200 og 0220 eru fyrirfram útfylltir í vefframtalínu. Sé notað pappírseyðublað, sem ekki er fyrirfram áprentað, skal færa viðeigandi upplýsingar í reitina.

|                          |                                                         |                                                     |                                                                         |
|--------------------------|---------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------|
| Aðal atvinnugrein, heiti | Númer atvinnugreinar 0200                               | Leiðrétt atvinnugrein, númer 0210                   | Aðal vsk.númer 0220                                                     |
| Tegund rekstrar          | 0230 <input type="checkbox"/> Einstaklingur með rekstur | 0240 <input type="checkbox"/> Skattskyldur lögaðili | 0250 <input type="checkbox"/> Samrekstur, ekki sjálfstæður skattaðili   |
|                          |                                                         |                                                     | 0260 <input type="checkbox"/> Óskattskyldur aðili/Takmörkuð skattskylda |

## Atvinnugreinarnúmer og virðisaukaskattsnúmer

### 0200 Aðal atvinnugrein, heiti og númer

Hér kemur fram nafn aðalatvinnugreinar og atvinnugreinar-númer, samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands.

Ef notað er pappírseyðublað verður að færa inn heiti atvinnugreinar og atvinnugreinarnúmer, skv. atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008.

*Athugað skal að við framtalsskil á árinu 2011, vegna tekjuársins 2010, skal nota hina nýju atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008.*

### 0210 Leiðrétt atvinnugrein, númer

Ef fyrirfram útfyllt atvinnugreinarnúmer í reit 0200 er ekki rétt, skal hér skrá inn rétt atvinnugreinarnúmer skv. ÍSAT 2008.

### 0220 Aðal virðisaukaskattsnúmer

Hér er fyrirfram útfyllt virðisaukaskattsnúmer framteljanda. Ef hann er með fleiri en eitt númer, kemur hér fram það númer sem stærstur hluti veltunnar fellur undir.

## Tegund rekstrar

Hér skal merkja við tegund þess rekstrar sem gerð er grein fyrir á framtalinu. Aðeins skal merkja í einn reit.

### 0230 Einstaklingur með rekstur

Ef framteljandi er einstaklingur sem stundar atvinnustarfsemi á eigin ábyrgð og í eigin nafni, en ekki í nafni félags, þ.e. skattskylda hans byggir á 1. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0230.

### 0240 Skattskyldur lögaðili

Ef framteljandi er félag, sjóður eða stofnun sem skattskyld er skv. 2. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0240.

### 0250 Samrekstur, ekki sjálfstæður skattaðili

Ef um er að ræða rekstur tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, þar sem ekki eru uppfyllt skilyrði fyrir sjálfstæðri skattaðild, sbr. 3. mgr. 2. gr. skattalaga, skal merkt í reit 0250. Eignum og tekjum er skipt upp á milli samrekstrar-aðila og þær skattlagðar með öðrum eignum og tekjum þeirra. Sjá nánar í kaflanum *Samrekstraraðilar* á bls. 12.

### 0260 Óskattskyldur aðili/Takmörkuð skattskylda

Sé framteljandi undanþeginn skattskyldu skv. 4. gr. skattalaga eða beri hann takmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. sömu laga, skal merkt í reit 0260. **Slíkir aðilar geta ekki skilað RSK 1.04 á tölvutæku formi. Þeir skila þess í stað sérstöku skattframtali fyrir óskattskylda lögaðila, RSK 1.06.**

## Athugasemdir

Í athugasemdakafla á forsíðu framtalsins (reitur 4433) getur framteljandi komið að ýmsum almennum athugasemdum sínum, ábendingum eða skýringum vegna framtalsins, meðfylgjandi ársreiknings eða annarra fylgigagna.

### Athugasemdir

|  |      |
|--|------|
|  | 4433 |
|  |      |
|  |      |

Það staðfestist að viðlögðum drengskap að skýrsia þessi er gefin eftir bestu vitund.

## Sundurliðun á reitum

**1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384,  
4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621**

Í sundurliðunartöflu á framhaldseyðublaðinu **RSK 4.14 skal sýna** sundurliðun á leiðréttingum/fjárhæðum í reitum 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621. Sundurliða má fjárhæð í hverjum þessara reita í eins mörgum línnum í töflunni og þörf er á. Fyrst kemur reitanúmer þess reits sem verið er að sundurliða í dálkinn „Reitanúmer“ (t.d. 3170). Í dálkinn „Upphæð“ færast síðan sundurliðunarfrjárhæðin og í dálknum „Skýring“ er gerð grein fyrir hvers eðlis sundurliðunin er, þ.e. hvaða fjárhæð er um að ræða í hverju tilfalli.

### Sundurliðun á reitum 1060, 1070, 3170, 3180, 3190, 3290, 4080, 4150, 4160, 4382, 4384, 4390, 4391, 6410, 7190, 0695 og 9621

| Reitanúmer <sup>4403</sup> | Upphæð +/- <sup>4413</sup> | Skýring <sup>4423</sup> |
|----------------------------|----------------------------|-------------------------|
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |
|                            |                            |                         |

# Samrekstraraðilar

Sé **RSK 1.04** fyllt út fyrir sameignarfélag sem ekki er sjálfstæður skattaðili eða fyrir samrekstur, skal hér færa upplýsingar um hvern eiganda fyrir sig, þ.e. kennitölu hans, reiknað endurgjald og hlutdeild í tekjum/tapi og eignum/skuldum. Séu eigendur fleiri en rúmast á **RSK 1.04** skal nota framhaldsblað **RSK 4.14** og merkja í reit 0060.

Í reit 0020 skal færa kennitölu samrekstrarins, ef slík kennitala er fyrir hendi. Ef samreksturinn hefur ekki eigin kennitölu, skal notuð kennitala þess eiganda sem skráður er fyrir virðisaukaskattsnúmeri rekstrarins. Ef ekki er skráð virðisaukaskattsnúmer vegna samrekstrarins, skal notuð kennitala þess eiganda sem er á launagreiðendaskrá vegna þessa rekstrar. Eigi ekkert af framangreindu við, þurfa eigendur að koma sér saman um hver þeirra skuli verða fyrirvarsmaður rekstrarins og skila **RSK 1.04** á kennitölu hans.

Sjá einnig kaflann um *Skil aðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu á RSK 1.04* á bls. 4.

**Athugið! Aðeins skal færa í þessa töflu ef um rekstur í eigu tveggja eða fleiri aðila er að ræða.**

| Samrekstraraðilar, skipting tekna og eigna |                    | 0060 <input type="checkbox"/> Framhaldsblað RSK 4.14 |                                             |  |  |
|--------------------------------------------|--------------------|------------------------------------------------------|---------------------------------------------|--|--|
| Kennitala                                  | Reiknað endurgjald | Hluti af hreinum tekjum/tapi * $\frac{+}{-}$         | Hluti af hreinni eign/skuld * $\frac{+}{-}$ |  |  |
| 0700                                       | 0710               | 0720                                                 | 0730                                        |  |  |
| 0700                                       | 0710               | 0720                                                 | 0730                                        |  |  |
| 0700                                       | 0710               | 0720                                                 | 0730                                        |  |  |
| 0700                                       | 0710               | 0720                                                 | 0730                                        |  |  |

## 0700 Kennitala

Hér færast kennitölur þeirra samrekstraraðila sem standa að rekstrinum.

## 0710 Reiknað endurgjald

Hér færast reiknað endurgjald hvers samrekstraraðila, að meðtöldu reiknuðu endurgjaldi maka og barna undir 16 ára aldri. Samtala reiknaðs endurgjalds í þessum reitum á að vera jöfn reiknuðu endurgjaldi í reit 3080.

Reiknað endurgjald hvers samrekstraraðila færast í reit 24 á viðkomandi persónuframtali.

## 0720 Hluti af hreinum tekjum/tapi

*Hreinar tekjur* í reit 0900 eða *Yfirfæranlegt tap til næsta árs* í reit 0910 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færast hér. Tekjur færast sem (+) plústala en tap færast sem (-) mínustala. Samtala úr reitum 0720 á að vera jöfn fjárhæð í reit 0900 eða 0910.

Einstaklingur sem ekki hefur annan rekstur með höndum færir sinn hluta af hreinum tekjum í reit 62 á persónuframtali. Yfirfæranlegt tap færast ekki á persónuframtali.

Hlutafélag, sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, eða einstaklingur, sem jafnframt er með annan rekstur, telur fram hlutdeild sína í hreinum tekjum eða tapi af samrekstri (einum eða fleiri) í reitum 3680 og 4100 á rekstrarframtali sínu.

## 0730 Hluti af hreinni eign/skuld

*Hrein eign* í reit 0920 eða *Skuldir umfram eignir* í reit 0930 margfaldast með eignarhlutfalli hvers aðila fyrir sig og færast hér. Eign færast sem (+) plústala en skuld færast sem (-) mínustala. Samtala úr reitum 0730 á að vera jöfn fjárhæð í reit 0920 eða 0930.

Einstaklingur sem ekki hefur annan rekstur með höndum færir sinn hluta af hreinni eign í reit 01 og sinn hluta af skuldum umfram eignir í reit 165 á persónuframtali.

Hlutafélag, sameignarfélag sem er sjálfstæður skattaðili, eða einstaklingur, sem jafnframt er með annan rekstur, færir sinn hluta af hreinni eign eða skuld í samrekstri (einum eða fleiri) í reiti 5050 og 7080 á rekstrarframtali sínu.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

# Álagningargrunnur gjalda o.fl.

Hér færist álagningargrunnur gjalda, þ.e. tekjuskatts, tryggingagjalds og fleira. Einnig færist hér útreiknað jöfnunarverðmæti hlutabréfa. Ekki er nægjanlegt að fylla eingöngu út þennan kafla framtalsins. Ljúka þarf útfyllingu alls framtalsins, eftir því sem við á.

| Álagningargrunnur gjalda og fleira |      |                                                                             |      |
|------------------------------------|------|-----------------------------------------------------------------------------|------|
| Hreinar tekjur                     | 0900 | Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu                                    | 0980 |
| Yfirfæranlegt tap til næsta árs    | 0910 | Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu                                 | 0981 |
| Hrein eign                         | 0920 | Stofn til jöfnunargjalds alþjónustu                                         | 0985 |
| Skuldir umfram eignir              | 0930 | Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki                               | 0987 |
| Jöfnunarverðmæti hlutabréfa        | 0960 | Rannsóknar- og þróunarkostnaður hjá nýsköpunarfyrirtæki skv. eyðublaði 4.21 | 0988 |
|                                    | 0970 |                                                                             |      |

## 0900 Hreinar tekjur

Reynist niðurstöðutala rekstrarins í reit 4990 jákvæð (þ.e. ef tekjur eru hærrí en gjöld), þá skal sú tala færð í þennan reit og myndar hún þannig álagningargrunn tekjuskatts.

## 0910 Yfirfæranlegt tap til næsta árs

Ef niðurstöðutala rekstrarins í reit 4990 reynist neikvæð (þ.e. ef gjöld eru hærrí en tekjur), þá skal sú tala, án mínusformerkisins, færð í þennan reit.

## 0920 Hrein eign

Reynist niðurstöðutala efnahags í reit 7990 jákvæð (þ.e. ef eignir eru meiri en skuldir), þá skal sú tala færð í þennan reit.

## 0930 Skuldir umfram eignir

Ef niðurstöðutala efnahags í reit 7990 reynist neikvæð (þ.e. ef skuldir eru meiri en eignir), þá skal sú tala, án mínusformerkisins, færð í þennan reit.

## 0960 Jöfnunarverðmæti hlutabréfa

Hér færist útreiknað jöfnunarverðmæti hlutabréfa, sbr. 3. mgr. 18. gr. skattalaga.

## 0970 Arðstekjur sameignarfélags

Hér skulu þeir lögaðilar er greinir í 3., 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. skattalaga (sameignarfélög o.fl.) færa fenginn arð skv. 4. tölul. C-liðar 7. gr. sömu laga. Þessi arður skattleggst í 18% skattþrepi. Sömu fjárhæð skal færa í reit 4391, en þar kemur hún til lækkunar á tekjum sem fara í almennt skattþrep skv. reit 4990.

## 0980 Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu

Hér færist stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu, þ.e. fjárhæðir í reitum 9625 og 9715 á bls. 6.

## 0981 Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Hér færist stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu, þ.e. fjárhæðin í reit 9650 á bls. 6.

## 0985 Stofn til jöfnunargjalds alþjónustu

Hér færist stofn til jöfnunargjalds alþjónustu, sem lagt er á **fjarskiptafyrirtæki** skv. 22. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti. Jöfnunargjald er lagt á fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu í hlutfalli við bókfærða veltu þessarar starfsemi. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem fjarskiptafyrirtæki hefur af umræddri starfsemi hér á landi.

## 0987 Stofn til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki

Skv. lögum nr. 155/2010 er lagður sérstakur 0,041% skattur á fjármálafyrirtæki sem hafa fengið starfsleyfi sem viðskiptabanki, sparisjóður eða lánaþjónustufyrirtæki, og aðra aðila sem hafa fengið leyfi til að taka við innlánnum. Stofn til þessa sérstaka skatts er heildarskuldir skattskylds aðila í lok tekjuárs. Heildarskuldir eru skuldir eins og þær eru tilgreindar á skattframtali fjármálafyrirtækja (í reit 6990).

## 0988 Rannsóknar- og þróunarkostnaður hjá nýsköpunarfyrirtæki

Skv. lögum nr. 152/2009 er nýsköpunarfélögum, sem hlotið hafa sérstaka staðfestingu hjá Rannís, heimilt að draga frá tekjuskatti ákveðna fjárhæð vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar. Ef frádrátturinn er hærrí en greiddur tekjuskattur, er mismunurinn greiddur út. Gera skal grein fyrir útreikningi þessa frádráttar á eyðublaði RSK 4.21 með framtalinu.

## Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum

Í þessum kafla koma fram upplýsingar um þá staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum, sem dregin hefur verið af fjármagnstekjum framteljanda á árinu.

### 9000 Af arði

Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af arðstekjum sínum á árinu.

### 9010 Af vöxtum

Í þennan reit kemur sú fjárhæð sem framteljandi hefur greitt í staðgreiðslu af vaxtatekjum sínum á árinu.

# Tekjur

Í þennan kafla skal færa allar tekjur, aðrar en þær sem sundurliða skal í reitum 3610 til 3637, 3665, 3670 og 3680, en þar er um að ræða vaxtatekjur, gengishagnað, arðstekjur, aðrar fjármunatekjur, óreglulegar tekjur og hlutdeild í rekstrarafkomu skattaðila sem ekki bera sjálfstæða skattskyldu.

Tekjur skulu tilgreindar brúttó, þ.e. án nokkurs frádráttar, með vörugjaldi en án virðisaukaskatts, sundurliðaðar eins og reitirnir gefa til kynna. Frádráttur færirst sem gjöld í gjaldakafla framtalsins.

Sundurliðun í reitum 1015 til 1040 miðast við sundurliðun tekna m.t.t. virðisaukaskatts, þó án frádráttar vegna tapaðra viðskiptakrafna. Sá frádráttur færirst í gjaldakafla framtalsins, í reiti 2475 til 2505.

Söluhagnað (þó ekki söluhagnað hlutabréfa) og aðrar tekjur ber að færa í reiti 1050 og 1060, sbr. leiðbeiningar við þá reiti.

Fjárhæð í reit 1090 *Rekstrartekjur samtals* á að vera jöfn rekstrartekjum samkvæmt ársreikningi.

Sé mismunur á milli rekstrartekna samkvæmt ársreikningi og skattframtali, þá skal hann leiðréttaður í reit 1070 *Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings*, til þess að reitur 1090 sé í samræmi við ársreikning.

Sjá einnig kaflann *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* á bls. 22.

| Tekjur                                         |   |      |                                                              |              |
|------------------------------------------------|---|------|--------------------------------------------------------------|--------------|
| Virðisaukaskattsskyld sala 25,5%               | + | 1015 | Söluhagnaður                                                 | + 1050       |
| Virðisaukaskattsskyld sala 7%                  | + | 1025 | Aðrar tekjur                                                 | + 1060       |
| Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.)    | + | 1030 | Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings                | * + / - 1070 |
| Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.) | + | 1040 | <b>Rekstrartekjur samtals</b><br>Samtala reita 1010 til 1070 | * = 1090     |

## 1015 og 1025 Virðisaukaskattsskyld sala (25,5% og 7%)

Í reit 1015 skal færa skattskylda veltu í 25,5% skattþrepi virðisaukaskatts en í reit 1025 skal færa skattskylda veltu í 7% skattþrepi. Virðisaukaskattur leggst á viðskipti innanlands á öllum stigum. Skattskyldusvið laga um virðisaukaskatt nær til sölu eða afhendingar á vörum og verðmætum, vinnu og þjónustu, nema sérstökum undanþágum sé til að dreifa.

Í reiti 1015 og 1025 færirst m.a.:

- Úttekt til eigin nota sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Innáborganir fyrir afhendingu sbr. 13. gr. laga um virðisaukaskatt.
- Reiknað skattverð skv. reglugerðum 562/1989, 576/1989 og 248/1990.
- Skattverð rekstrarfjármuna þegar fyrirtæki hættir rekstri sbr. 11. gr. laga um virðisaukaskatt.

*Ekki skal lækka virðisaukaskattsskylda veltu í þessum reitum vegna tapaðra viðskiptakrafna, heldur skal gera grein fyrir þeim í reitum 2475 til 2505 í gjaldakafla framtalsins.*

## 1030 Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.)

Hér á að færa allar tekjur af virðisaukaskattsskyldri starfsemi sem undanþegar eru skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. vegna útflutnings. Í þessum tilvikum reiknast ekki útskattur á tiltekna sölu eða afhendingu, þótt innskattsréttur vegna öflunar aðfanga í tengslum við þessa sölu eða afhendingu sé fyrir hendi. Oft er því talað um að í þessum tilvikum reiknist „núllskattur“.

*Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.*

*Hér færast ekki tekjur af þeirri starfsemi sem fellur utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Slíkar tekjur færast í reit 1040.*

*Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færirst í reit 1050.*

### 1040 Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.)

Hér á að færa allar tekjur af starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt.

*Við færslu á tekjum í þennan reit er nauðsynlegt að gera greinarmun á **starfsemi** sem undanþegin er virðisaukaskattsskyldu annars vegar og **veltu** sem undanþegin er virðisaukaskatti hins vegar.*

*Hér færast ekki tekjur af sölu eða afhendingu í þeim tilfellum þar sem veltan í virðisaukaskattsskyldri starfsemi er undanþegin virðisaukaskatti, t.d. vegna útflutnings. Slíkar tekjur færast í reit 1030.*

*Hér færast heldur ekki þær tekjur sem ekki bera virðisaukaskatt af öðrum sökum. Slíkar tekjur færast í reit 1060, nema söluhagnaður sem færast í reit 1050.*

Verið getur að framteljandi hafi bæði með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 3. mgr. 2. gr. laga um virðisaukaskatt. Starfsemi hans er þá sögð *blönduð*. Í þennan reit færast þá eingöngu sú sala eða afhending sem undanþegin er skv. umræddu lagaákvæði. Minnt skal á að þeir sem eru með blandaða starfsemi þurfa að fylla út og standa skil á eyðublaði *RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi*.

### 1050 Söluhagnaður

Í þennan reit færast hvers konar söluhagnaður skv. ársreikningi, annar en söluhagnaður af hlutabréfum. Sölu rekstrarfjármuna og annarra eigna (annarra en hlutabréfa) ber að færa í eignaskrá *RSK 4.01*.

Bent skal á að sölutap færast í reit 3120 og frestaður söluhagnaður færast í reit 4030.

*Hagnað af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa hér. Ef söluhagnaður hefur í ársreikningi verið færður meðal óreglulegra tekna þarf líka að setja hann í reit 3670 og leiðrétta í reit 1070. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.*

### 1060 Aðrar tekjur

Hér skal færa allar rekstrartekjur sem ekki bera virðisaukaskatt og ekki hefur verið gerð grein fyrir í öðrum tekjureitum. Sem dæmi um tekjur sem falla undir þennan reit má nefna:

- Bætur.
- Styrki.
- Sölu á vörum sem keyptar hafa verið eða notaðar í þeim tilgangi eingöngu er um ræðir í 3. mgr. 16. gr. laga um virðisaukaskatt, enda hafi þær ekki verið eignfærðar. Ef um eignfærslu hefur verið að ræða, þá ber hins vegar að færa sölna í eignaskrá *RSK 4.01* og söluhagnað þeirra í reit 1050.
- Rekstrartekjur þeirra sem undanþegnir eru virðisaukaskattsskyldu skv. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, t.d. tekjur vegna höfundarlauna, einkaleyfstekjur og tryggingabætur.
- Rekstrartekjur þeirra sem eru undir veltumörkum skv. 4 gr. laga um virðisaukaskatt.

*Hér færast hvorki vaxtatekjur né aðrar tekjur sem færast í reiti 3610 til 3700.*

**Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.**

### 1070 Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings

Ef tekjur af sölu eða afhendingu, söluhagnaður eða aðrar tekjur í þessum kafla hafa verið færðar með öðrum hætti í ársreikningi en á skattframtalinu, þá þarf að leiðrétta í þessum reit, svo að niðurstöðutalan í reit 1090 verði jöfn rekstrartekjum skv. ársreikningi.

**Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

### 1090 Rekstrartekjur samtals

Hér kemur samtala reita 1015 til 1070. (Athugið að taka þarf tillit til formerkis fjárhæðar í reit 1070). Ef fjárhæðin í reit 1090 er neikvæð þarf að gefa henni minusformerki.

*Fjárhæð í þessum reit á að vera samhljóða rekstrartekjum samtals í ársreikningi.*



# Gjöld

Sundurliðun rekstrargjalda er tvískipt: Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts og önnur sundurliðun gjalda.

Gjöld og aðra liði í þessum kafla ber að færa á **RSK 1.04** í samræmi við leiðbeiningar um viðkomandi reiti, í sumum tilvikum án tillits til þess hvernig sömu liðir hafa verið færðir í ársreikningi. Mismunur, sem fram kann að koma af þessum sökum, skal leiðréttur í reitum 3170 til 3290, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* á bls. 22.

Fjárhæð í reit 3990 *Hagnaður/tap skv. ársreikningi* á að vera samhljóða niðurstöðu rekstrar í ársreikningi.

Ef gjöld, sem færð eru í þessum kafla, eru ekki frádráttarbær til tekjuskatts, þarf að gera leiðréttingar til að ná fram rétttri niðurstöðu til tekjuskatts, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Kostnaður, sem í reynd samanstendur af ólíkum tegundum gjaldaliða og/eða sem færður hefur verið sem einn liður í ársreikningi (t.d. sem „kostnaður söludeildar“), skal ekki færður í einn reit á **RSK 1.04**. Í staðinn skal kostnaðurinn sundurgreindur og færður í reiti skattframtalsins skv. formi þess. Þannig skulu t.d. launagreiðslur ætíð sundurliðaðar og færðar einvörðungu í reiti 3030 til 3100.

## Sundurliðun m.t.t. virðisaukaskatts

Gjaldaliðum í þessum kafla er skipt í þrjá dálka m.t.t. virðisaukaskatts:

Í dálk „Vsk. 25,5%“ færast gjaldaliðir sem myndað hafa stofn til innskatts í 25,5% skattþrepi.

Í dálk „Vsk. 7%“ færast gjaldaliðir sem myndað hafa stofn til innskatts í 7% skattþrepi.

Í dálk „Ekki vsk.“ færast gjaldaliðir sem ekki hafa myndað stofn til innskatts.

Gjöldin skulu talin fram án virðisaukaskatts, ef innskattað er í bókhaldi, en með virðisaukaskatti að öðrum kosti.

Séu innkaup bæði vegna virðisaukaskattsskyldrar starfsemi og starfsemi sem undanþegin er virðisaukaskatti, ber að færa þann hluta innkaupanna sem ekki varðar hina virðisaukaskattsskyldu starfsemi í dálkinn „Ekki vsk.“.

Við afstemmingu innskatts verður virðisaukaskattur reiknaður af samanlögðum fjárhæðum gjalda eftir þrepum, sbr. nánari umfjöllun í kaflanum *Ýmis innskattur* á bls. 37.

Ef fjárhæð sem færa ætti í einhvern reitanna 2010 til 2500 er neikvæð, skal hún færð í reiti 2510 til 2530 í viðeigandi dálki, en aðeins þessir síðast töldu reitir í þessum kafla geta tekið bæði + (plús) og - (mínus) formerki.

### 2010, 2025 og 2030

#### Hráefniskaup innanlands

Í þessa reiti skal færa innkaupsverð hráefna sem keypt eru innanlands, þ.m.t. aðkeyptar hálfunnar vörur til vinnslu. Hér færast einnig innkaup byggingarefnis og byggingarhluta hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð, enda sæti efnið einhverri aðvinnslu af hálfu byggingaraðila, sbr. reglugerð 576/1989 og reglugerð 577/1989. Um vörukaup vegna heildsölu eða smásölu vísast til reita 2100 til 2120.

### 2040, 2055 og 2060

#### Hráefniskaup erlend

Hér skal færa innkaupsverð innflutts hráefnis, þ.m.t. aðkeyptar hálfunnar vörur til vinnslu. Hér færast einnig erlend innkaup byggingarefnis og byggingarhluta hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð, enda sæti efnið einhverri aðvinnslu af hálfu byggingaraðila, sbr. reglugerð 576/1989 og reglugerð 577/1989. Um erlend vörukaup vegna heildsölu eða smásölu vísast til reita 2130 til 2150.

*Virðisaukaskatt vegna alls innflutnings, sem greiddur hefur verið í tolli, þarf að tilgreina sérstaklega í reit 0680. Sjá nánar í kaflanum Ýmis innskattur á bls. 37.*

### 2070, 2085 og 2090 Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður

Hér skal færa kostnað hjá framleiðslufyrirtækjum, þ.m.t. fyrirtækjum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, við framleiðslu á vörum fyrirtækisins, annan en hráefniskostnað og laun. Hér er t.d. um að ræða óbeinan framleiðslukostnað sem ekki færast annars staðar. Með óbeinum framleiðslukostnaði er bæði átt við fastan og breytilegan kostnað.

Einnig færast hér rekstrarvara ýmiss konar, þar með talið efni sem ekki verður hluti af afurðinni. Dæmi um atvinnugreinar þar sem þetta getur átt við eru fiskveiðar, útgerð flutningaskipa, flugvéla, bifreiða o.s.frv. Í þessa reiti færast einnig innfluttar rekstrarvörur, en ekki meðal erlendra vörukaupa.

**Í starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskattskyldu, skal færa allar fjárhæðir í aftasta dálkinn**

**Ekki skal færa fjárhæðir í skyggða reiti**

| Gjöld – Sundurlíðun m.t.t. vsk.                     |     | Vsk. 25,5% | Vsk. 7% | Ekki vsk. |  |
|-----------------------------------------------------|-----|------------|---------|-----------|--|
| Hráefniskaup innanlands                             | +   | 2010       | 2025    | 2030      |  |
| Hráefniskaup erlend                                 | +   | 2040       | 2055    | 2060      |  |
| Rekstrarvörur og annar framleiðslukostnaður         | +   | 2070       | 2085    | 2090      |  |
| Vörukaup innanlands                                 | +   | 2100       | 2115    | 2120      |  |
| Vörukaup erlend                                     | +   | 2130       | 2145    | 2150      |  |
| Aðkeypt innlend vinna og þjónusta til endursölu     | +   | 2160       |         | 2170      |  |
| Aðkeypt erlend vinna og þjónusta til endursölu      | +   | 2171       |         | 2173      |  |
| Húsaleiga                                           | +   | 2180       |         | 2190      |  |
| Víðhald fasteigna                                   | +   | 2200       |         | 2210      |  |
| Annar rekstrarkostnaður fasteigna                   | +   | 2220       | 2235    | 2240      |  |
| Sölukeyptur kostnaður                               | +   | 2250       |         | 2260      |  |
| Rekstur flutningatækja                              | +   | 2270       | 2277    | 2280      |  |
| Aðkeyptur akstur og annar flutningskostnaður        | +   | 2290       |         | 2300      |  |
| Ferðakostnaður                                      | +   | 2310       | 2325    | 2330      |  |
| Ymis aðkeypt þjónusta, innanlands                   | +   | 2340       |         | 2350      |  |
| Ymis aðkeypt þjónusta, erlend                       | +   | 2351       |         | 2353      |  |
| Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður            | +   | 2360       | 2375    | 2380      |  |
| Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., innanlands | +   | 2390       |         | 2400      |  |
| Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., erlend     | +   | 2401       |         | 2403      |  |
| Gjaldfærðir rekstrarfjármunir                       | +   | 2410       |         | 2420      |  |
| Víðhaldskostnaður                                   | +   | 2430       |         | 2440      |  |
| Starfsmannatengdur kostnaður                        | +   | 2450       | 2465    | 2470      |  |
| Ymis annar kostnaður *                              | +/- | 2510       | 2525    | 2530      |  |
| <b>Samtals *</b>                                    | =   | 2800       | 2815    | 2820      |  |

| Afskrifaðar viðskiptakröfur   |      |
|-------------------------------|------|
| 25,5%                         | 2475 |
| 24,5%                         | 2480 |
| 14%                           | 2490 |
| 7%                            | 2495 |
| Undanþegin velta (12. gr.)    | 2500 |
| Undanþegin starfsemi (2. gr.) | 2505 |
| =                             | 2830 |

#### Dæmi um gjaldaliði:

- Olíur í skip, flugvélar og á ökutæki/vinnuvélar.
- Ís í skip.
- Veiðarfæri.
- Beita.
- Sagarblöð.
- Þvottaefni (vegna seldrar þjónustu).
- Rafmagn (til framleiðslu).
- Heitt vatn (til framleiðslu).
- Umbúðir (verslana og framleiðslufyrirtækja).

#### 2100, 2115 og 2120 Vörukaup innanlands

Hér skal færa innlend vörukaup til endursölu (heildsölu/smásölu). Um hráefniskaup fyrirtækja til frekari vinnslu og kaup byggingarefnis til framkvæmda vísast til reita 2010 til 2030.

#### 2130, 2145 og 2150 Vörukaup erlend

Hér skal færa erlend vörukaup til endursölu. Um erlend hráefniskaup fyrirtækja til frekari vinnslu og kaup byggingarefnis til framkvæmda erlendis frá vísast til reita 2040 til 2060.

*Virðisaukaskatt vegna alls innflutnings, sem greiddur hefur verið í tolli, þarf að tilgreina sérstaklega í reit 0680. Sjá nánar í kaflanum Ýmis innskattur á bls. 37.*

#### 2160 og 2170 Aðkeypt innlend vinna og þjónusta til endursölu

Í þessa reiti skal færa kostnað vegna aðkeyprar innlendrar vinnu og þjónustu (undir)verktaka, til endursölu. Hér getur bæði verið um að ræða efni og vinnu, þegar efnið og vinnan mynda hluta af seldri vöru og/eða þjónustu rekstrarins. Hér eru meðtalin t.d. kaup á vinnu undirverktaka við byggingarframkvæmdir (til sölu), aðkeypt viðgerðarþjónusta sem seld er aftur sem hluti útseldrar viðgerðarþjónustu, aðkeypt vinna af sjálfstætt starfandi lögmönnum í rekstri lögfræðistofu eða aðkeypt vinna af sjálfstætt starfandi endurskoðendum í rekstri endurskoðunarstofu.

#### 2171 og 2173 Aðkeypt erlend vinna og þjónusta til endursölu

Í þessa reiti skal eingöngu færa aðkeypta vinnu og þjónustu, til endursölu, sem keypt er af erlendum aðilum erlendis frá. Hér getur bæði verið um að ræða efni og vinnu, þegar efnið og vinnan mynda hluta af seldri vöru og/eða þjónustu rekstrarins. Hér eru meðtalin t.d. kaup á vinnu undirverktaka við byggingarframkvæmdir (til sölu) og aðkeypt viðgerðarþjónusta sem seld er aftur sem hluti útseldrar viðgerðarþjónustu. Ennfremur fellur hér undir aðkeypt vinna og þjónusta sjálfstætt starfandi manna, t.d. verkfræðinga, arkitekta, lögmanna, endurskoðenda, tölvunarfræðinga, leik-

hús-, kvikmynda-, hljóðvarps- og sjónvarpsmanna og hljómlistarmanna, m.a. vinna og þjónusta keypt af erlendum aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 3. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Leiðbeiningar um takmarkaða skattskyldu er að finna á vef ríkisskattstjóra [rsk.is](http://rsk.is).

*Sundurliða skal þær greiðslur sem falla undir þessa reiti á sérstöku eyðublaði, RSK 2.025, og skila því með skattframtali.*

### 2180 og 2190 Húsaleiga

Í þessa reiti skal færa leigu á hvers konar fasteignum. Hér á meðal er leiga fyrir skrifstofuhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði, lagerhúsnæði o.s.frv. Einnig færast hér leiga fyrir ýmiss konar aðstöðu, s.s. leiga á sal, geymslurými, aðstöðu í tollvörugeymslu og fleira þess háttar.

### 2200 og 2210 Viðhald fasteigna

Í þessa reiti skal færa allan viðhaldskostnað húsnæðis og lóðar. Endurbætur skal hins vegar færa til hækkunar stofnverðs viðkomandi eignar.

*Hér skal ekki færa endurbætur á fasteignum.*

### 2220, 2235 og 2240 Annar rekstrarkostnaður fasteigna

Í þessa reiti skal færa rekstrarkostnað fasteigna, sem ekki er sérstaklega færður í aðra reiti. Hér getur t.d. verið um að ræða kostnað vegna þrifa, öryggisgæslu, trygginga, vatns, rafmagns, hita o.s.frv. Hér skal einnig færa skatta sem eru lagðir á fasteignir í eigu framteljanda á rekstrarárinu, fasteignagjöld (fasteignaskattur, lóðarleiga, vatnsskattur) o.fl.

### 2250 og 2260 Sölu- og skilubætur

Í þessa reiti skal færa kostnað við sölu á vörum fyrirtækisins. Hér getur verið um að ræða t.d. auglýsingar, vörusýnishorn, smávarning í auglýsingaskyni (penna, öskubakka o.s.frv.), útstillingar, vörusýningar, kostun og verðlista. Flutningskostnaður vegna seldra vara fellur ekki hér undir.

### 2270, 2277 og 2280 Rekstur flutningatækja

Í þessa reiti skal færa rekstrarkostnað bifreiða og annarra flutningatækja í rekstrinum, annan en fyrningar og fjármagnskostnað. Hér getur bæði verið um að ræða kostnað vegna leigðra bíla (frá bílaleigu) og bíla í eigu rekstraraðilans sjálfs, annarra en fólksbifreiða. Um getur verið að ræða t.d. bensín, olíu, tryggingar, viðhald, skatta o.s.frv. Undir þennan reit falla hvorki aðkeyptur akstur sem færast í reiti 2290/2300 né leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu sem færast í reiti 2390/2400.

Í reit 2277 er gert ráð fyrir að eingöngu færast 7% vsk. vegna aðgangs að vegamannvirkjum (Hvalfjarðargöngum).

*Ef rekstur felst í rekstri flutningatækja, þ.e. útgerð flutningaskipa, flugvéla, vörubifreiða, sendibifreiða, hópibifreiða, leigubifreiða o.p.h., skal kostnaði við rekstur skipt niður á reiti RSK 1.04 eins og leiðbeiningar við einstaka reiti kveða á um, en ekki færast sem ein fjárhæð í þennan reit.*

### 2290 og 2300 Aðkeyptur akstur og annar flutningskostnaður

Í þessa reiti skal færa kostnað vegna aðkeypts aksturs og annarra aðkeyptrar flutninga, annan en vegna vöru og hráefna til endursölu og sem færður hefur verið sem hluti af innkaupsverði. Hér á meðal er t.d. allur aðkeyptur akstur sendi-, vöru-, hóp- og leigubifreiða og flutningur með flugvélum og skipum.

### 2310, 2325 og 2330 Ferðakostnaður

Í þessa reiti skal færa ferðakostnað, annan en laun og dagpeninga, vegna ferða á vegum rekstrarins. Hér getur verið um að ræða farmiða, hótélkostnað, uppihald (mat), bíla-leigubíla, rútur o.fl.

### 2340 og 2350 Ýmis aðkeypt þjónusta, innanlands

Í þessa reiti skal færa aðkeypta vinnu verktaka, sem ekki er til endursölu og sem ekki skal færa í aðra reiti. Hér getur t.d. verið um að ræða aðkeypta bókhaldsþjónustu, tölvuvinnslu, endurskoðun, innheimtu- og lögfræðiþjónustu og sölupjónustu (sölulaun). Hér færast keypt þjónusta innanlands.

### 2351 og 2353 Ýmis aðkeypt þjónusta, erlend

Í þessa reiti skal færa aðkeypta vinnu og þjónustu, þó ekki til endursölu, sem keypt er af erlendum aðilum erlendis frá. Hér getur t.d. verið um að ræða aðkeypta bókhaldsþjónustu, tölvuvinnslu, endurskoðun, innheimtu- og lögfræðiþjónustu og sölupjónustu (sölulaun), m.a. af aðilum sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

*Sundurliða skal þær greiðslur sem falla undir þessa reiti á sérstöku eyðublaði, RSK 2.025, og skila því með skattframtali.*

### 2360, 2375 og 2380 Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Í þessa reiti skal færa allan skrifstofu- og stjórnunarkostnað, sem ekki fellur undir aðra reiti. Hér undir geta til dæmis fallið eftirtaldir kostnaðarliðir:

- Pappír, prentun og ritföng.
- Tölvukostnaður, annan en aðkeypt tölvuþjónusta sem færast í reit 2340/2350.
- Tryggingar sem ekki eru taldar annars staðar, s.s. rekstrarstöðvunartrygging, ábyrgðir o.s.frv.
- Símakostnaður.
- Frímerki og pósthúðargjöld.
- Bækur, blöð og tímarit.
- Kostnaður vegna stjórnarfunda eða aðalfunda.
- Félagsgjöld og kostnaður vegna ýmissa samtaka.

### 2390 og 2400 Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., innanlands

Í þessa reiti skal færa allan leigugreiðslur fyrir hvers konar eignir og eignaréttindi tengd rekstri, aðrar en leigu fyrir fasteignir sem færast í reiti 2180 eða 2190. Hér færast því leiga hvers konar lausafjár, s.s. vélaleiga, tækjaleiga o.s.frv. Leiga á skammtímakvóta í fiskveiðum fellur einnig hér undir. Þá færast hér leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu. Hér færast kostnaður vegna leigu innanlands.

Hafi hlutur, sem tekinn hefur verið á fjármögnunarleigu, verið eignfærður og fyrndur í reikningshaldi, færast leigugreiðsla ekki hér. Virðisaukaskatt af leigugreiðslum þarf í því tilviki að tilgreina sérstaklega í reit 0670.

Sjá einnig *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

#### 2401 og 2403 Lausafjárleiga, fjármögnunarleiga o.fl., erlend

Í þessa reiti skal færa hvers konar greiðslur til erlendra aðila fyrir leigu, afnot eða rétt til hagnýtingar á lausafé, einkaleyfum, hvers konar réttindum eða sérþekkingu. Hér færast því leigutekjur erlendra aðila af hvers konar lausafé, vélum, tækjum og hvers konar búnaði, t.d. farartækjum eins og skipum, flugvélum og ökutækjum, gámum til flutninga, tölvum, vinnuvélum, verkfærum o.s.frv. Hér falla einnig undir greiðslur eða endurgjald til erlendra aðila fyrir afnot eða rétt til hagnýtingar á hvers konar réttindum, m.a. hugbúnaði, einkaleyfum, vörumerkjum, og sérþekkingu eins og gögnum eða upplýsingum sérfræðilegs eðlis. Hér falla því m.a. undir greiðslur til erlendra aðila sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi samkvæmt 6. tölul. 3. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Sjá leiðbeiningar um takmarkaða skattskyldu á vef ríkisskattstjóra *rsk.is*.

*Sundurliða skal þær greiðslur sem falla undir þessa reiti á sérstöku eyðublaði, RSK 2.025, og skila því með skattframtali.*

#### 2410 og 2420 Gjaldfærðir rekstrarfjármunir

Í þessa reiti skal færa þá rekstrarfjármuni sem gjaldfærðir eru (en ekki eignfærðir og afskrifaðir). Ef gjaldfærsla rekstrarfjármuna í þessum reitum er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, skal gera leiðréttingu í reitum 4390/4391.

#### 2430 og 2440 Viðhaldskostnaður

Hér skal færa viðgerðar- og viðhaldskostnað eigna í rekstrinum (svo sem véla og áhalda), annarra en bifreiða sem færast í reiti 2270, 2280, 3140, og 3150 og fasteigna sem færast í reiti 2200 og 2210.

*Ef rekstur felst í rekstri flutningatækja, þ.e. útgerð flutningaskípa, flugvéla, vörubifreiða, sendibifreiða, hópbifreiða, leigubifreiða o.þ.h., skal þó færa viðhaldskostnað slíkra tækja hér, en ekki í reiti 2270 eða 2280.*

#### 2450, 2465 og 2470 Starfsmannatengdur kostnaður

Hér skal færa allan kostnað vegna launamanna, sem ekki skal sérstaklega færður í aðra reiti. Meðal þess sem færast hér er t.d.: Kostnaður vegna fæðis, fatnaðar, trygginga starfsmanna, námskeiða, kaffiveitinga, lækniþjónustu, sjúkravara, heilbrigðisráðgjafar, heilsubótaraðstöðu, tjóna starfsmanna, skemmtiferða og árshátíðar starfsfólks sem og annarra samþætilegra samkoma og framlaga til starfsmannafélaga. Hér færast ekki greiðslur í peningum til launamanna.

*Athygli skal vakin á því að réttur einstaklinga í eigin atvinnurekstri til gjaldfærslu ofangreindra liða vegna þeirra sjálfra er takmarkaðri skv. skattalögum en ef um er að ræða gjaldfærslu vegna launþega.*

Við færslu í þessa reiti skal gæta ákvæða 3. mgr. 16. gr. virðisaukaskattslaga varðandi innskattshæfan kostnað.

Sjá kaflann *Almennt um laun* á bls. 20.

#### 2475, 2480, 2490, 2495, 2500 og 2505 Afskrifaðar viðskiptakröfur

Í þessa reiti skal færa afskriftir viðskiptakrafna vegna sölu á vöru og/eða þjónustu sem uppfylla skilyrði til frádráttar skv. skattalögum. Fjárhæðirnar sem hér færast skulu vera án virðisaukaskatts og upphæðirnar þær sömu og miðað skal við á virðisaukaskattsskýrslum.

Í reit 2475 færast afskriftir viðskiptakrafna vegna sölu á vöru og/eða þjónustu í 25,5% virðisaukaskattþrepi og í reiti 2480, 2490 og 2495 vegna sölu í 24,5%, 14% og 7% þrepi.

Í reit 2500 færast afskrifaðar viðskiptakröfur sem tengjast undanþeginni veltu (skv. 12. gr. vsk.laga), þ.e. í 0% þrepi.

Í reit 2505 færast afskrifaðar viðskiptakröfur sem uppfylla skilyrði til frádráttar skv. skattalögum, aðrar en þær sem eru vegna virðisaukaskattsskyldrar sölu eða undanþeginnar veltu, þ.m.t. í starfsemi sem er undanþegin virðisaukaskatti. Í þessum reit getur einnig verið um að ræða tap af ábyrgðum eða lánveitingum sem beint tengjast atvinnurekstrinum, sbr. 1. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga eða sannanlega tapað hlutafé sbr. 5. tl. 31. gr. sömu laga.

Ef um er að ræða afskriftir eða niðurfærslu viðskiptakrafna sem ekki uppfylla skilyrði um sannanlega tapaðar kröfur til frádráttar skv. skattalögum, skulu þær færast í reit 3190.

Sjá einnig í kaflanum *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

Skattaleg niðurfærsla viðskiptakrafna (5%) færast ekki hér, heldur færast niðurfærslan í upphafi reikningsárs í reit 4090 og niðurfærslan í lok reikningsárs í reit 4091.

#### 2510, 2525 og 2530

##### Ýmis annar kostnaður

Undir þessa reiti fellur allur annar kostnaður sem ekki er gert ráð fyrir að færast í aðra reiti. Hér gæti verið um að ræða ýmsan kostnað, t.d. gjafir sem ekki færast í reit 3105 eða 3115, opinber gjöld o.fl. Gjaldfærður kostnaður við stofnun fyrirtækis eða félags og kostnaður vegna framleiðsluleyfis eða einkaleyfis færast hér.

*Ef fjárhæð sem færast ætti í einhvern reitanna 2010 til 2500 er neikvæð, skal hún færð í þessa reiti í viðeigandi dálki, en aðeins þessir reitir geta tekið bæði + (plús) og - (mínus) formerki í þessum kafla.*

*Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum kostnaðarliðum stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því reiti 2510 til 2530 sem minnst.*



# Önnur sundurliðun gjalda

Í þennan kafla skal færa allar birgðir í upphafi og lok reikningsárs og rekstrarkostnað sem ekki getur myndað stofn til innskatts.

Hver reitur hefur annað hvort plús eða mínus formerki. Fjárhæð sem skráð er í reit með plús formerki fær jákvætt gildi. Fjárhæð sem skráð er í reit með mínusformerki fær neikvætt gildi.

**Athugið** - Ekki er hægt að breyta formerkjum í reitum með einu formerki, þ.e. þeim reitum sem eru auðkenndir annað hvort með plús eða mínus.

|                                                 |   |      |
|-------------------------------------------------|---|------|
| Birgðir fullunninna vara í upphafi reikningsárs | + | 3005 |
| Birgðir annarra vara í upphafi reikningsárs     | + | 3010 |
| Birgðir fullunninna vara í lok reikningsárs     | - | 3015 |
| Birgðir annarra vara í lok reikningsárs         | - | 3020 |
| Laun                                            | + | 3030 |
| Dagpeningar                                     | + | 3040 |
| Ökutækjastyrkir                                 | + | 3050 |
| Önnur laun                                      | + | 3070 |
| Reiknað endurgjald                              | + | 3080 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð                       | + | 3085 |
| Önnur launatengd gjöld                          | + | 3090 |
| Reiknuð hlunnindi                               | + | 3100 |
| Gjafir og framlög (þó ekki til stjórnálflokka)  | + | 3105 |
| Gjafir og framlög til stjórnálflokka            | + | 3115 |
| Sölutap                                         | + | 3120 |
| Fyrningar                                       | + | 3130 |
| Kostnaður skv. rekstraryfirlitum fólksbifreiða  | + | 3140 |
| Rekstur fólksbifreiða                           | + | 3150 |
| Risna og gjafir til viðskiptamanna              | + | 3160 |

## 3005 Birgðir fullunninna vara í ársbyrjun

Undir þennan reit skal færa allar birgðir af **fullunnum framleiðsluvörum framleiðslufyrirtækja** í upphafi reikningsárs. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið myndaðar af liðum sem bera 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

## 3010 Birgðir annarra vara í ársbyrjun

Undir þennan reit skal færa allar birgðir í upphafi reikningsárs, aðrar en birgðir fullunninna framleiðsluvara, þ.e. hráefna, rekstrarvara, framleiðsluvara og verka í vinnslu og vara til endursölu. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið keyptar með 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

## 3015 Birgðir fullunninna vara í árslok

Undir þennan reit skal færa allar birgðir af **fullunnum framleiðsluvörum framleiðslufyrirtækja** í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og sú sem eignfærð er í reit 5110 *Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)* á efnahagshlið *RSK 1.04*. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið myndaðar af liðum sem bera 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

## 3020 Birgðir annarra vara í árslok

Undir þennan reit skal færa allar birgðir í lok reikningsárs, aðrar en birgðir fullunninna framleiðsluvara, þ.e. birgðir hráefna, rekstrarvara, framleiðsluvara og verka í vinnslu og vara til endursölu. Þetta er samanlögð fjárhæð eignfærðra birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á efnahagshlið *RSK 1.04*. Hér færast allar birgðir, hvort sem þær hafa verið keyptar með 25,5% vsk., 7% vsk. eða sem eru án virðisaukaskatts.

## Almennt um laun

Á *RSK 1.04* skulu laun og launatengdur kostnaður talin fram og sundurliðuð með þeim hætti sem reitir framtalsins gefa til kynna, án tillits til þess hvar í rekstrinum þau hafa fallið til eða hvort þau hafa verið gjaldfærð eða eignfærð.

Launaliðir á *RSK 1.04* eiga að vera í samræmi við það sem gefa skal upp á launamiðum, þ.m.t. hvers konar reiknuð hlunnindi. Þessi framsetning getur valdið því að misræmi verði milli framtals og ársreiknings sem *RSK 1.04* er byggt á, t.d. vegna þess að laun hafa verið eignfærð í ársreikningnum eða að gjaldfærsla launa er þar miðuð við áfallinn kostnað, s.s. áunnin réttindi orlofs, eftirlauna og lífeyris. Í þeim tilvikum skulu gerðar leiðréttingar í reitum 3170, 3180 eða 3290 eftir atvikum, til að ná samræmi við ársreikning. Þegar gjaldfærsla þessara liða er ekki í samræmi við skattalög þarf auk þess að leiðrétta tekjuskattsstofninn í reitum 4310 til 4391 (á framhaldsblaði *RSK 4.14*).

Sjá almennt um *Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings* efst á bls. 22 og *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

**Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara breytinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

## 3030 Laun

Í þennan reit skal færa öll laun, þ.e. þau laun sem færa ber í reit 02 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Sjá bakhlið launamiðaeyðublaðs *RSK 2.01*.

**3040 Dagpeningar**

Í þennan reit skal færa dagpeningagreiðslur til launamanna, sem ber að færa í reit 17 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða.

**3050 Ökutækjastyrkir**

Í þennan reit skal færa ökutækjastyrki, sem ber að færa í reit 16 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða.

**3070 Önnur laun**

Í þennan reit skal færa aðrar greiðslur til launamanna en þær sem færðar skulu í aðra reiti. Hér með eru taldar hvers konar greiðslur sem ganga beint til launamanns, s.s. vegna ýmiss útlagðs kostnaðar hans, sem skv. eðli sínu skal ekki færa annars staðar.

**3080 Reiknað endurgjald**

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald vegna vinnu manns við eigin atvinnurekstur og fyrir vinnu maka eða barna innan 16 ára aldurs við atvinnureksturinn. Hér færast einnig reiknað endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi í samrekstri með öðrum eða vegna lágmarkslauna manns sem starfar hjá lögaðila, sameignarfélagi, hlutafélagi eða öðru félagi, sem hann er tengdur vegna eignar- eða stjórnunaraðildar.

**3085 Mótframlag í lífeyrissjóð**

Hér færast mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð starfsmanna. Athugið að öll tillög í lífeyrissjóð (þ.e. hlutur launagreiðanda) færast hér, en ekki í reit 3090.

**3090 Önnur launatengd gjöld**

Í þennan reit skal færa útgjöld vegna launamanna, önnur en mótframlag í lífeyrissjóð, sem reiknast af launum eða á annan hátt miðast við laun. Hér á meðal eru t.d. tillög til sjúkra- trygginga, tryggingagjald og önnur hliðstæð gjöld.

**3100 Reiknuð hlunnindi**

Í þennan reit skal færa hlunnindi, sem reikna ber launamönnum til tekna skv. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og sem ríkisskattstjóri hefur metið til verðs skv. 118. gr. skattalaga. Hér er t.d. um að ræða bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi, húsnæðishlunnindi og fatahlunnindi.

**3105 Gjafir og framlög (þó ekki til stjórnmalaflokka)**

Í þennan reit skal færa allar gjafir og framlög til menningarmála, líkningarstarfsemi o.fl. Athugið að gjafir og framlög til stjórnmalaflokka eða frambjóðenda skal færa í reit 3115. Risnu og gjafir til viðskiptamanna skal færa í reit 3160. Ef gjaldfærsla gjafa og framlaga er umfram þau mörk sem fram koma í 2. tl. 31. gr. skattalaga, þá skal gera leiðréttingu í reit 4160.

**3115 Gjafir og framlög til stjórnmalaflokka**

Í þennan reit skal færa allar gjafir og framlög sem tengjast stjórnmalastarfsemi, hvort heldur sem er til stjórnmalaflokka eða einstakra frambjóðenda. Í þennan reit geta því t.d. færst:

- Bein framlög til stjórnmalaflokka (eða einstakra félaga/deilda á þeirra vegum).
- Styrktarlínur í málöggn/flokksblöð.
- Styrkir til frambjóðenda vegna prófkjöra.

Ef gjaldfærsla gjafa og framlaga er umfram þau mörk sem fram koma í 2. tl. 31. gr. skattalaga, þá skal gera leiðréttingu í reit 4160.

**3120 Sölutap**

Hér skal færa tap af seldum eignum á árinu skv. ársreikningi, öðrum en hlutabréfum.

Bent skal á að upplýsingar um sölu rekstrarfjármuna og annarra eigna ber að færa í eignaskrá RSK 4.01.

*Tap af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa hér. Ef sölutapið hefur í ársreikningi verið fært meðal óreglulegra gjalda þarf líka að setja það í reit 3671 og leiðréttu í reit 3290. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.*

**3130 Fyrningar**

Í þennan reit skal færa fyrningar eigna skv. ársreikningi.

Ef gjaldfærsla fyrninga í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, skal leiðréttu hana í reit 4060.

**3140 Kostnaður skv. rekstraryfirlitum fólksbifreiða**

Í þennan reit skal færa kostnað vegna fólksbifreiða, sem bæði eru notaðar í eigin þágu og í þágu atvinnurekstrar. Bifreiðakostnaði skal skipt milli einkanota og atvinnurekstrar í samræmi við reglur sem koma fram á eyðublaði RSK 4.03. Hér færast því aðeins sá hluti kostnaðar sem stafar af atvinnurekstri.

Yfirliti yfir rekstur og kostnað hvernar einstakrar fólksbifreiðar, þ.e. eyðublaði RSK 4.03, skal skila með skattframtali.

**3150 Rekstur fólksbifreiða**

Í þennan reit skal færa allan kostnað vegna fólksbifreiða sem eingöngu eru notaðar í atvinnurekstri, annan en fyrningar og fjármagnskostnað. Hér getur bæði verið um að ræða kostnað vegna leigðra fólksbíla (s.s. frá bílaleigu) og fólksbíla í eigu rekstraraðilans sjálfs. Um getur verið að ræða bensín, olíu, tryggingar, viðhald, skatta o.s.frv. Undir þennan lið fellur hvorki aðkeyptur akstur, sem færast í reit 2290 og/eða 2300, né leigugreiðslur vegna fjármögnunarleigu, sem færast í reit 2390 og/eða 2400. Auk færslu í þennan reit getur í sumum tilfellum þurft að skila inn eyðublaðinu RSK 4.09 – Greinargerð um fólksbifreiðar.

*Ef rekstur framteljanda felst í rekstri fólksbifreiða, s.s. leigubifreiða, bifreiða í bílaleigu o.s.frv., skal rekstrar-kostnaði þeirra skipt niður á einstaka reiti RSK 1.04 eftir tegund, en ekki færast í þennan reit.*

**3160 Risna og gjafir til viðskiptamanna**

Í þennan reit skal færa kostnað vegna risnu og gjafa til viðskiptamanna.

# Leiðréttingar m.t.t. ársreiknings

Fjárhæð í reit 3990 *Hagnaður/tap skv. ársreikningi* á að vera samhljóða niðurstöðutölu rekstrar í ársreikningi. Ýmsir liðir skulu á hinn bóginn taldir fram með sérstökum hætti á **RSK 1.04**, í sumum tilvikum án tillits til þess hvernig sömu liðir eru færðir í ársreikningi, og hvort sem þeir hafa þar verið gjaldfærðir eða eignfærðir. Þannig skulu tapaðar kröfur taldar fram með sérstökum hætti, auk þess sem laun hvers konar, reiknuð hlunnindi, launatengd gjöld og aðkeypt vinna verktaka til endursölu skulu talin fram með sama hætti og á launamiðum. Af þessum sökum getur orðið misræmi á milli ársreiknings og **RSK 1.04** og skal það leiðrétt í þessum kafla.

Reitir í þessum kafla eru merktir með bæði plús og mínus formerki. Færa þarf formerki sérstaklega fremst í reitinn, ef um mínustölu er að ræða.

Varðandi það misræmi sem kann að vera milli hagnaðar/taps skv. ársreikningi (í reit 3990) og skv. skattalögum vísast í kaflann *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25.

**Gera skal grein fyrir sundurliðun leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

|                                                                          |   |     |      |    |
|--------------------------------------------------------------------------|---|-----|------|----|
| Leiðrétting á launaliðum m.t.t. ársreiknings                             | * | +/- | 3170 | Ni |
| Eignfærð rekstrargjöld                                                   | * | +/- | 3180 | Ni |
| Leiðrétting á kröfum og ábyrgðum m.t.t. ársreiknings                     | * | +/- | 3190 | Ni |
| Aðrar leiðréttingar rekstrargjalda m.t.t. ársreiknings                   | * | +/- | 3290 | Ni |
| <b>Rekstrargjöld samtals</b><br>Samtala reita 2990 til 3290              | * | =   | 3590 | St |
| <b>Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld</b><br>Mismunur reita 1090 og 3590 | * | =   | 3600 | Fe |
|                                                                          |   |     | 3610 |    |

## 3170 Leiðrétting á launaliðum m.t.t. ársreiknings

Hér skal færa leiðréttingar á launaliðum, reiknuðum hlunnindum og launatengdum gjöldum vegna mismunar milli ársreiknings og *RSK 1.04*. Mismunur getur m.a. verið til kominn vegna launa sem eru eignfærð, reiknaðra hlunninda sem ekki eru í ársreikningi, áunnins en ógreidds orlofs, hækkunar eftirlaunaskuldbindinga og áunninna en ógreiddra eftirlauna. Einnig getur verið um mismun að ræða sem stafar af því að upphaf og lok launatímabils og rekstrarárs fara ekki saman, eða vegna arðs sem fara skal með sem laun skv. 1. mgr. 11. gr. skattalaga.

Ef samtala launa og reiknaðra hlunninda í reitum 3030 til 3100 er hærri en gjaldfærð laun í ársreikningi færast mismunurinn hér sem - (mínus) tala. Ef samtalan er lægri færast mismunurinn sem + (plús) tala.

## 3180 Eignfærð rekstrargjöld

Ef rekstrargjöld sem áður hafa verið færð í gjaldakafli eru eignfærð ber að leiðrétta það hér. Sömuleiðis ber einnig að leiðrétta það hér, ef áður eignfærður kostnaður kemur til gjalda. Hér er ekki átt við rekstrargjöld sem ber að eignfæra sem birgðir.

## 3190 Leiðrétting á kröfum og ábyrgðum m.t.t. ársreiknings

Hér skal færa þær afskriftir og niðurfærslur viðskiptakrafna og ábyrgða skv. ársreikningi, sem ekki uppfylla skilyrði skattalaga um sannanlega tapaðar kröfur, þ.m.t. afskriftir og niðurfærslur sem gerðar eru í varúðarsjónarmiði, og sem eiga því ekki að færast í reiti 2475 til 2505. Hér færast einnig leiðréttingar á slíkum áður færðum gjaldfærslum.

## 3290 Aðrar leiðréttingar rekstrargjalda m.t.t. ársreiknings

Þar sem fjárhæðin í reit 3990 á að vera samhljóða niðurstöðutölu rekstrar skv. ársreikningi, þá þarf að leiðrétta hugsanlegt misræmi á milli ársreikningsins og *RSK 1.04*. Hér koma því eingöngu færslur sem stafa af því að skattframtalið er öðruvísi uppbyggt og útfyllt en ársreikningurinn. Í þennan reit skal færa aðrar leiðréttingar rekstrargjalda en þegar hafa verið taldar upp í reitum 3170, 3180 og 3190 hér að framan, svo að tryggt sé að fjárhæðin í reit 3990 verði jöfn niðurstöðutölu rekstrar skv. ársreikningi. Ýmis annar kostnaður færast því ekki í þennan reit, heldur í reiti 2510 til 2530.

## 3590 Rekstrargjöld samtals

Hér færast samtala reita 2990 til 3290. Tekið skal tillit til formerkja í reitum. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

## 3600 Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld

Hér færast mismunur rekstrartekna samtals í reit 1090 og rekstrargjalda samtals í reit 3590. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).



# Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, aðrar tekjur og önnur gjöld

Í þennan kafla skal færa allar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld, óreglulegar tekjur og óregluleg gjöld o.fl.

|                                                |     |      |                   |
|------------------------------------------------|-----|------|-------------------|
| Vaxtatekjur og verðbætur                       | +   | 3610 | Álag ve<br>söluhá |
| Gengismunur peningalegra eigna og skulda       | * ± | 3620 | Ófrádr            |
| Arður af innlendum hlutabréfum                 | +   | 3622 | Óskatt            |
| Arður af erlendum hlutabréfum                  | +   | 3624 | Ófrádr            |
| Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélag | * ± | 3626 | Takmö<br>vegna    |
|                                                |     |      | Frestur<br>eftirg |

## 3610 Vaxtatekjur og verðbætur

Í þennan reit skal færa allar vaxtatekjur og verðbætur rekstrarins. Vaxtatekjur og verðbætur eru færðar án frádráttar fjármagnstekjuskatts. Gengishagnaður vegna erlendra gjaldmiðla færast í reit 3620.

## 3620 Gengismunur peningalegra eigna og skulda

Í þennan reit skal færa gengishagnað/gengistap (nettó-fjárhæð) af hvers konar eignum og/eða skuldum í erlendum gjaldmiðli. Gengishagnað skal færa sem + (plús) fjárhæð og gengistap sem - (mínus) fjárhæð.

## 3622 Arður af innlendum hlutabréfum

Í þennan reit skal færa arð af innlendri hlutafjäreign (hlutabréfum í innlendum félögum). Arðurinn færast án frádráttar fjármagnstekjuskatts. Hlutdeild í afkomu innlendra dóttur- eða hlutdeildarfélag færast í reit 3626.

## 3624 Arður af erlendum hlutabréfum

Í þennan reit skal færa arð af erlendri hlutafjäreign (hlutabréfum í erlendum félögum). Hlutdeild í afkomu erlendra dóttur- eða hlutdeildarfélag færast í reit 3626.

## 3626 Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélag

Í þennan reit skal færa hlutdeild framteljanda í tekjum/tapi af hlutdeildarfélögum og dótturfélögum, jafnt innlendum sem erlendum. Tekjur færast sem + (plús) fjárhæð en gjöld (þ.e. tap) færast sem - (mínus) fjárhæð.

Ef færsla tekna eða gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattstofninn í reit 4350 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

## 3632 Söluhagnaður af hlutabréfum

Í þennan reit skal færa söluhagnað af hlutabréfum (innlendum og erlendum), ef slíkur söluhagnaður hefur ekki verið talið til óreglulegra tekna í ársreikningi (færast þá í reit 3670). Ef færsla tekna í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattstofninn í reit 4330 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

## 3634 Sölutap af hlutabréfum

Í þennan reit skal færa sölutap af hlutabréfum (innlendum og erlendum), ef slíkt sölutap hefur ekki verið talið til óreglu-

|                                                            |     |      |      |
|------------------------------------------------------------|-----|------|------|
| Sölutap af hlutabréfum                                     | -   | 3634 |      |
| Tekjur/gjöld af fjármálagerningum                          | * ± | 3637 |      |
| Vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h.                               | -   | 3640 |      |
| Niðurfærsla verðbréfaeignar                                | * ± | 3645 |      |
| Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda                       | +   | 3665 |      |
| Óreglulegar tekjur                                         | +   | 3670 |      |
| Óregluleg gjöld                                            | -   | 3671 |      |
| Hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila         | * ± | 3680 |      |
| Tekjuskattur                                               | * ± | 3690 |      |
| Önnur gjöld                                                | -   | 3700 |      |
| Hagnaður/tap skv. ársreikningi Samtala reita 3600 til 3700 | *   | =    | 3990 |

legra gjalda í ársreikningi (færast þá í reit 3671).

Ef færsla gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattstofninn í reit 4330 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

## 3637 Tekjur/gjöld af fjármálagerningum

Í þennan reit skal færa ýmis konar tekjur/gjöld sem stafa af einhvers konar fjármálagerningum framteljanda. Hér getur t.d. verið um að ræða tekjur/tap af afleiðusamningum hvers konar, þ.á.m. hvers kyns framvirkum samningum, vaxta-skriptasamningum, öðrum skriptasamningum og valréttar-samningum. Einnig tekjur/tap vegna færslu eigna til gangvirðis eða óinnleystan gengishagnað af verðbréfum, svo eitthvað sé nefnt.

Tekjur færast sem + (plús) fjárhæð en gjöld (þ.e. tap) færast sem - (mínus) fjárhæð.

Ef færsla tekna eða gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattstofninn í reitum 4390/4391 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

## 3640 Vaxtagjöld, verðbætur o.þ.h.

Í þennan reit skal færa allan vaxtakostnað og lántöku-kostnað rekstrarins (t.d. þinglýsinga- og stimpilkostnað). Hér gæti einnig átt að færa þjónustugjöld og innheimtu-kostnað banka og greiðslukortafyrirtækja (ef slíkur kostnaður er færður meðal fjármagnsliða í ársreikningi). Gengistap vegna erlendra gjaldmiðla færast í reit 3620.

## 3645 Niðurfærsla verðbréfaeignar

Í þennan reit skal færa niðurfærslu verðbréfaeignar eða bakfærslu slíkrar niðurfærslu.

Tekjur færast sem + (plús) fjárhæð en gjöld færast sem - (mínus) fjárhæð.

Ef færsla tekna eða gjalda í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, þarf að leiðrétta tekjuskattstofninn í reit 4386 (á framhaldsblaði RSK 4.14).

**3665 Tekjufærsla vegna eftirgjafar skulda**

Í þessum reit skal halda sérstaklega utan um þær óreglulegu tekjur sem stafa af eftirgjöf skulda vegna rekstrar- og greiðsluferfiðleika framteljanda. Skv. bráðabirgðaákvæði XXXVI (sjá einnig bráðab.ákv. XXXIV) í skattalögum má takmarka eða fresta slíkri tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda, og er það gert í reitum 4165 og/eða 4167.

**3670 Óreglulegar tekjur**

Hér skal færa óreglulegar tekjur, sem ekki skal sérstaklega færa annars staðar. Óreglulegar tekjur teljast hér þær tekjur sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig.

Hér færast söluhagnaður hlutabréfa, ef söluhagnaðurinn hefur verið talinn til óreglulegra tekna í ársreikningi.

*Hagnað af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa í reit 1050 Söluhagnaður. Ef söluhagnaður hefur verið færður hér meðal óreglulegra tekna þarf að leiðrétta í reitum 1050 og 1070. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.*

**3671 Óregluleg gjöld**

Hér skal færa óregluleg gjöld, sem ekki skal sérstaklega færa annars staðar. Óregluleg gjöld teljast hér þau gjöld sem ekki varða venjulegan rekstur og ekki er gert ráð fyrir að endurtaki sig.

Hér færast sölutap hlutabréfa, ef sölutapið hefur verið talið til óreglulegra gjalda í ársreikningi.

*Tap af sölu eigna (annarra en hlutabréfa) skal alltaf færa í reit 3120 Sölutap. Ef sölutap hefur verið fært hér meðal óreglulegra gjalda þarf að leiðrétta í reitum 3120 og 3290. Sjá almennt um leiðréttingar m.t.t. ársreiknings efst á bls. 22.*

**3680 Hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila**

Í þennan reit skal færa samanlagða hlutdeild framteljanda í hagnaði eða tapi af rekstri, sem rekinn er í samstarfi með öðrum og hefur sjálfstætt bókhald, en sem ekki ber sjálfstæða skattskyldu. Hér er m.a. um að ræða rekstur hjá skráðu sameignarfélagi, sem ekki er sjálfstæður skattaðili

sbr. 3. tl. 2. gr. skattalaga, rekstur hjá hvers konar óskráðu félagi, óformlegu samstarfi o.s.frv. Fjárhæðir þær sem hér eiga að færast koma fram í reitum 0720 á fyrstu blaðsíðu framtals hlutaðeigandi rekstrar. Hagnaður færast sem + (plús) fjárhæð og tap sem - (mínus) fjárhæð.

Sjá einnig kaflann *Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir* á bls. 25 og 26 varðandi það þegar færsla í þessum reit er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga, en slíkt skal leiðrétta í reit 4100.

Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarféлага færast ekki hér, heldur í reit 3626.

**3690 Tekjuskattur**

Í þennan reit skal færa tekjuskatt, sem reiknaður er og gjaldfærður í ársreikningi. Hér getur einnig verið um að ræða hækkun eða lækkun tekjuskattsskuldbindingar, ef slík skuldbinding er færð í ársreikningi. Önnur opinber gjöld á að færa í reit 2530. Ekki er heimilt að draga tekjuskatt frá tekjuskattsstofni skv. skattalögum og þarf því að leiðrétta þetta í reit 4140.

**3700 Önnur gjöld**

Hér skal færa gjöld sem ekki geta fallið undir neinn af ofangreindum reitum.

*Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum kostnaðarliðum stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því reit 3700 sem minnst.*

**3990 Hagnaður/tap samkvæmt ársreikningi**

Hér skal færa niðurstöðutölu úr reit 3600 að viðbættum eða frádrægnum fjármagnsliðum og öðrum liðum í reitum 3610 til 3700. Tekið skal tillit til formerkja í reitum. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

*Fjárhæð í þessum reit á að vera jöfn niðurstöðutölu rekstrar samkvæmt ársreikningi.*

*Bent skal á að fjárhæðin í reit 3990, að teknu tilliti til þeirra skattalegu leiðréttinga sem gerðar eru í reitum 4010 til 4600, flyst undantekningalaust í reit 4990.*

# Skattalegar leiðréttingar og ráðstafanir

Í þennan kafla skal færa þær leiðréttingar sem gera þarf þegar niðurstöðutala rekstrar samkvæmt ársreikningi (sbr. reitur 3990) er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Misræmi, sem leiðir af mun á reglum reikningshalds og skattalaga, þarf að leiðrétta til að ná fram réttri niðurstöðu í samræmi við skattalög. Einnig skulu hér færðir ýmsir tekjuliðir, sem einungis tengjast skattalögum, og frádráttarliðir, sem gjaldandi á rétt á skv. sömu lögum og vill nýta sér. Í öllum tilvikum skal reitur 4990 fylltur út.

## 4010 Dreifing tekjufærslu áður frestaðra tekna skv. 60. gr.

Með lögum nr. 128/2009 (11. gr.) var felld úr gildi heimild í 60. gr. skattalaga til frestunar tekjufærslu vegna sölu á þjónustu, ef vinnuþáttur hinnar seldu þjónustu var almennt yfir 70% heildartekna í viðkomandi atvinnugrein. Með 19. gr. laga nr. 165/2010 var síðan veitt heimild til að færa til tekna með jöfnum hætti á þremur árum uppsafnaða fjárhæð sem áður hafði verið frestað að færa til tekna skv. 60. gr. skattalaga. Í þennan reit má því færa 1/3 af þeim frestuðu tekjum sem færðar voru í reit 4011 á skattframtali 2010.

## 4020 Skattaleg leiðrétting söluhagnaðar/sölutaps

Ef söluhagnaður/sölutap af varanlegum rekstrarfjármunum (öðrum en hlutabréfum) í ársreikningi er ekki í samræmi við skattalög skal þetta leiðrétt hér. Um er að ræða leiðréttingu á þeim söluhagnaði, sem færður hefur verið til tekna í reit 1050, og/eða því sölutapi, sem fært hefur verið til frádráttar tekjum í reit 3120 (sbr. fyrirmæli um þá reiti), þegar færslur í þessa reiti eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Lækkun söluhagnaðar eða hækkun sölutaps færist sem - (mínus) fjárhæð en hækkun söluhagnaðar eða lækkun sölutaps færist sem + (plús) fjárhæð.

## 4027 Frádráttur vegna söluhagnaðar hlutabréfa

Hér er færður til frádráttar frá tekjum söluhagnaður hlutabréfa og afleiðusamninga, sem heimilt er að draga frá skv. tölulið 9a í 31. gr. skattalaga.

## 4030 Frestun annars söluhagnaðar

Ef óskað er eftir að skattlagningu á söluhagnaði (öðrum en söluhagnaði hlutabréfa) verði frestað, færist sá hluti söluhagnaðar í þennan reit (en hann á að hafa verið færður til tekna á framtalinu).

## 4040 Söluhagnaður frá fyrri árum

Frestaður söluhagnaður frá fyrri árum, sem kemur til skattlagningar nú, færist í þennan reit.

## 4060 Skattaleg leiðrétting fyrninga

Ef fyrningar af varanlegum rekstrarfjármunum í reit 3130 eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga skulu þær leiðréttar hér. Lækkun fyrninga færist sem + (plús) fjárhæð, en hækkun fyrninga sem - (mínus) fjárhæð. Eftir þessa leiðréttingarfærslu er samræmi milli nettó fjárhæða í reitum 3130 og 4060 annars vegar og fjárhæðar fyrninga í eignaskrá RSK 4.01 hins vegar.

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).

|                                                                              |     |      |
|------------------------------------------------------------------------------|-----|------|
| Dreifing tekjufærslu áður frestaðra tekna skv. 60. gr.                       | +   | 4010 |
| Skattaleg leiðrétting söluhagnaðar/sölutaps *                                | +/- | 4020 |
| Frádráttur vegna söluhagnaðar hlutabréfa                                     | -   | 4027 |
| Frestun annars söluhagnaðar                                                  | -   | 4030 |
| Söluhagnaður frá fyrri árum                                                  | +   | 4040 |
| Skattaleg leiðrétting fyrninga *                                             | +/- | 4060 |
| Aukafyrningar skv. skattalögum                                               | -   | 4070 |
| Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum *                                 | +/- | 4080 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna í upphafi reikningsárs skv. skattalögum          | +   | 4090 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok reikningsárs skv. skattalögum              | -   | 4091 |
| Niðurfærsla birgða í upphafi reikningsárs skv. skattalögum                   | +   | 4092 |
| Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs skv. skattalögum                       | -   | 4093 |
| Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila * | +/- | 4100 |
| Fenginn arður til frádráttar                                                 | -   | 4115 |
| Álag vegna frestaðs söluhagnaðar                                             | +   | 4130 |
| Ófrádráttarbær opinber gjöld *                                               | +/- | 4140 |
| Óskattskyldar tekjur                                                         | -   | 4150 |
| Ófrádráttarbær kostnaður                                                     | +   | 4160 |
| Takmörkun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda                               | -   | 4165 |

## 4070 Aukafyrningar samkvæmt skattalögum

Hér eru færðar þær aukafyrningar, sem heimilaðar eru samkvæmt 14. gr. skattalaga.

## 4080 Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum

Þegar afskriftir og niðurfærslur á kröfum og ábyrgðum í ársreikningi uppfylla ekki skilyrði skattalaga um sannanlega tapaðar kröfur, skulu þær leiðréttar í þessum reit. Aukning afskrifta og niðurfærslna færist sem - (mínus) fjárhæð en minnkun sem + (plús) fjárhæð. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

## 4090 Niðurfærsla viðskiptakrafna í upphafi reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í upphafi reikningsárs, sem er sama fjárhæð og færð var til lækkunar eigna á framtali síðasta árs.

|                                                                   |         |      |                                                                               |                                                                        |          |
|-------------------------------------------------------------------|---------|------|-------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------|----------|
| Tekjufærsla gengishagnaðar vegna dreifingar frá fyrri árum        | +       | 4396 | Ónotað tap 2004                                                               | <b>Mikilvægt er að fyllt sé út í alla samtölureiti, s.s. reit 4990</b> |          |
| Dreifing á gjaldfærslu 2/3 gengistaps                             | +       | 4397 | Ónotað tap 2005                                                               |                                                                        |          |
| Gjaldfærsla gengistaps vegna dreifingar frá fyrri árum            | -       | 4398 | Ónotað tap 2006                                                               |                                                                        |          |
| Tekjufærsla vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum skv. 4.25 | +       | 4399 | Ónotað tap 2007                                                               |                                                                        |          |
| Aðrar leiðréttingar skv. framhaldsblaði                           | * + / - | 4400 | Ónotað tap 2008                                                               |                                                                        | - 4600   |
| Ónotað tap 2000                                                   | -       | 4520 | Ónotað tap 2009                                                               |                                                                        | - 4610   |
| Ónotað tap 2001                                                   | -       | 4530 | Hreinar tekjur/yfirfæranlegt tap til næsta árs<br>Samtala reita 3990 til 4610 |                                                                        | * = 4990 |
| Ónotað tap 2002                                                   | -       | 4540 |                                                                               |                                                                        |          |

#### 4091 Niðurfærsla viðskiptakrafna í lok reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla viðskiptakrafna og lánveitinga sem beint tengjast rekstrinum (5%), sem heimiluð er í 2. mgr. 3. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs.

#### 4092 Niðurfærsla birgða í upphafi reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í upphafi reikningsárs, sem er sama fjárhæð og færð var til lækkunar eigna á framtali síðasta árs.

#### 4093 Niðurfærsla birgða í lok reikningsárs skv. skattalögum

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 7105.

#### 4100 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra skattaðila

Ef rekstrarafkoma ósjálfstæðra skattaðila, sem færð hefur verið í reit 3680, er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga skal gerð leiðrétting hér. Ef leiðréttingin er til hækkunar tekna, er mismunurinn færður sem + (plús) fjárhæð, en ef leiðréttingin er til lækkunar tekna er mismunurinn færður sem - (mínus) fjárhæð.

#### 4115 Fenginn arður til frádráttar

Hér er færður til frádráttar tekjum sá móttækni arður, sem félögum (öðrum en sameignarfélögum) er heimilt að draga frá samkvæmt 9. tl. 31. gr. skattalaga.

Hér skal ekki færa arð og tillög í stofnsjóð sem samvinnufélögum er heimilt að draga frá skv. 10. tl. 31. gr. sömu laga. Ekki skal heldur færa í þennan reit fjárhæð þá sem samlög eða samtök þau sem nefnd eru í 4. tl. 1. mgr. 2. gr. skattalaga greiða félagsaðilum sínum í árslok í hlutfalli við viðskipti þeirra á árinu, sbr. 11. tl. 31. gr. sömu laga. Slíkan arð skal færa í reit 4391. Fenginn arð skal tekjufæra í reitum 3622 og/eða 3624.

#### 4130 Álag vegna frestaðs söluhagnaðar

Hér skal færa álag á frestaðan söluhagnað (sbr. reit 4040).

#### 4140 Ófrádráttarbær opinber gjöld

Hafi í reit 3690 verið færð til frádráttar opinber gjöld sem ekki eru frádráttarbær samkvæmt skattalögum, skal leiðrétta það hér. Þau opinberu gjöld sem hér um ræðir eru tekjuskattur.

#### 4150 Óskattskyldar tekjur

Hafi í ársreikningi verið færðar tekjur sem ekki eru tekjur samkvæmt skattalögum, skal leiðrétta það hér. Hér eru þær tekjur bakfærðar, til þess að ná fram réttum tekjuskattstofni. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

#### 4160 Ófrádráttarbær kostnaður

Hafi í ársreikningi verið færður kostnaður sem ekki er frádráttarbær samkvæmt skattalögum, skal leiðrétta það hér. Hér er sá kostnaður bakfærður, til þess að ná fram réttum tekjuskattstofni skv. skattalögum. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

#### 4165 og 4167 Takmörkun/frestun tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda

Í þessa reiti skal færa þá takmörkun eða frestun á tekjufærslu vegna eftirgjafar skulda vegna rekstrar- og greiðsluferðleika framteljanda (sem færa skal í reit 3665), sem heimiluð er í bráðabirgðaákvæði XXXVI (sjá einnig bráðab.ákv. XXXIV) í skattalögum.

#### Aðrar leiðréttingar skv. reitum 4310-4399

Í þessa reiti eru færðar leiðréttingar, aðrar en þær sem færðar hafa verið í reiti 4010 til 4160 og gerðar eru til að færa hagnað eða tap samkvæmt ársreikningi til réttis tekjuskattstofns samkvæmt skattalögum.

Fjárhæðir sem hækka stofn til tekjuskatts frá því sem er í ársreikningi færast sem + (plús) fjárhæðir, en fjárhæðir sem lækka stofn til tekjuskatts færast sem - (mínus) fjárhæðir.

Það ber að athuga að þessir reitir eru einungis til staðar á tölvutæku framtalsformi og á framhaldsblaði RSK 4.14. Sé framtali skilað á pappír (en ekki í tölvutækum skilum) ber að færa samtölu reita 4310 til 4391 í reit 4400 á RSK 1.04. **Í þeim tilfellum verður því að skila framhaldsblaðinu með framtalinu.**

#### 4310 Skattaleg leiðrétting vegna greiddra eftirlauna

Ef færðar eru eftirlaunaskuldbindingar í ársreikningi, skal færa eftirlaun sem bar að greiða á rekstrarárinu hér.

#### 4320 Skattaleg leiðrétting vegna eftirlaunaskuldbindinga

Eftirlaunaskuldbinding, sem stofnað er til á árinu, og vextir og verðbætur á eftirlaunaskuldbindingu færast hér. Hér eru



einnig færðar breytingar sem orðið hafa á eftirlaunaskuldbindingum á árinu, aðrar en vegna eftirlauna sem greiða bar út á rekstrarárinu og færa ber í reit 4310.

#### 4330 Skattaleg leiðrétting á söluhagnaði/sölutapi hlutabréfa

Ef söluhagnaður eða sölutap af hlutabréfum í ársreikningi er ekki í samræmi við ákvæði skattalaga skal leiðrétta það hér. Lækkun söluhagnaðar eða hækkun sölutaps er færð sem - (mínus) fjárhæð en hækkun söluhagnaðar eða lækkun sölutaps er færð sem + (plús) fjárhæð.

#### 4340 Skattaleg leiðrétting vegna fjármögnunar-leigugreiðslna

Hafi fjármögnunarleigusamningur verið færður til skuldar og fjármögnunarleiguhlutur færður til eignar er leiðrétting gerð í þessum reit. Mismunur á fjármögnunarleigugreiðslum og gjaldfærðum vaxtagjöldum, verðbótum og gengismun vegna samnings er því færður hér.

#### 4350 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna/dótturfélaganna

Ef hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildar- eða dótturfélaganna, sem eru sjálfstæðir skattaðilar, er færð til tekna eða gjalda í ársreikningi er hagnaðurinn eða tapið bakfært hér. Athugið að leiðrétting á hlutdeild í rekstrarafkomu ósjálfstæðra rekstraraðila færist í reit 4100.

#### 4360 Skattaleg leiðrétting á áfangainnlausn tekna

Byggist færslur í ársreikningi á áfangainnlausn tekna en skattskil eru byggð á verklokaaðferð og verki er ólokið, þá er áfangainnlausn tekna leiðrétt hér.

#### 4370 Skattaleg leiðrétting vegna verklokaaðferðar

Byggist færslur í ársreikningi á áfangainnlausn tekna en skattskil eru byggð á verklokaaðferð og verki er lokið, þá er mismunur á heildartekjum af verkinu og áfangainnlausn tekna skv. ársreikningi færður hér.

#### 4380 Bakfærð verðleiðrétting skattskuldbindingar

Ef verðbótubreyting skattskuldbindingar er færð meðal vaxtaliða í ársreikningi er bakfærsla færð hér.

#### 4382 Skattaleg leiðrétting vegna samsköttunar

Ef um er að ræða leiðréttingafærslur vegna samsköttunar framteljanda með öðru félagi (tilfærslu hagnaðar/taps til annars félags eða frá öðru félagi vegna samsköttunar), skulu þær færslur færðar í þennan reit. Upplýsingar um hvert hitt félagið er skal færa sem skýringu í sundurliðunartöflu.

#### 4384 Skattaleg leiðrétting vegna sameiningar/samruna

Ef um er að ræða leiðréttingafærslur vegna sameiningar/samruna framteljanda við annað félag, skulu þær færslur færðar í þennan reit. Upplýsingar um hvert hitt félagið er skal færa sem skýringu í sundurliðunartöflu.

#### 4386 Skattalegar leiðréttingar sem tengjast hlutabréfa- og/eða verðbréfaeign

Ef um er að ræða leiðréttingafærslur sem tengjast hlutabréfa- og/eða verðbréfaeign framteljanda, skulu þær færslur færðar í þennan reit. Hér getur t.d. verið um að ræða leiðréttingafærslur vegna gengismunar hlutabréfaeignar eða niðurfærslu á hlutabréfaeign eða breytinga á matsverði hlutabréfa (eða annarra verðbréfa).

#### 4390 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (hækkun)

Hér skal færa aðrar leiðréttingar á hagnaði eða tapi skv. ársreikningi til hagnaðar eða taps skv. skattalögum. Um er að ræða aðrar leiðréttingar en þær sem falla undir reiti 4310 til 4386 eða reiti 4010 til 4160, þegar niðurstöður ársreiknings eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Hér færast þær leiðréttingar sem **hækka** tekjuskattsstofn. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

#### 4391 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti (lækkun)

Hér skal færa aðrar leiðréttingar á hagnaði eða tapi skv. ársreikningi til hagnaðar eða taps skv. skattalögum. Um er að ræða aðrar leiðréttingar en þær sem falla undir reiti 4310 til 4386 eða reiti 4010 til 4160, þegar niðurstöður ársreiknings eru ekki í samræmi við ákvæði skattalaga. Hér færast þær leiðréttingar sem **lækka** tekjuskattsstofn. **Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.**

#### 4395 Dreifing á tekjufærslu 2/3 gengishagnaðar

Hér færist til frádráttar frá tekjum 2/3 af fjárhæð gengishagnaðar umfram gengistap rekstrarársins 2010, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. tölul. 8. gr. skattalaga.

#### 4396 Tekjufærsla gengishagnaðar vegna dreifingar frá fyrri árum

Hér færist bakfærsla (tekjufærsla) áður frestaðs gengishagnaðar, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. tölul. 8. gr. skattalaga.

#### 4397 Dreifing á gjaldfærslu 2/3 gengistaps

Hér færist til frádráttar frá gjöldum 2/3 af fjárhæð gengistaps umfram gengishagnað rekstrarársins 2010, í samræmi við ákvæði 4. tl. 49. gr. skattalaga.

#### 4398 Gjaldfærsla gengistaps vegna dreifingar frá fyrri árum

Hér færist bakfærsla (gjaldfærsla) áður frestaðs gengistaps, í samræmi við ákvæði 4. tl. 49. gr. skattalaga.

#### 4399 Tekjufærsla vegna erlends eignarhalds á lágs-kattasvæðum

Í þennan reit skal færa þá tekjufærslu sem stafar af eignarhaldi framteljanda í erlendum félögum á lágs-kattasvæðum, sbr. umfjöllun í 57. gr. a. í skattalögum. Gera skal nánari grein fyrir þessari tekjufærslu á eyðublaði RSK 4.25 með framtalinu.

#### 4520 - 4610 Ónotuð rekstartöp frá fyrri árum

Hér skal færa ónotuð rekstartöp fyrri ára, sbr. 8. tl. 31. gr. skattalaga, sundurliðuð í viðeigandi reiti eftir árum.

#### 4990 Hreinar tekjur/yfirfærslu tap til næsta árs

*Hér kemur niðurstöðutala rekstrarins til skatts. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerkí. Jákvæða niðurstöðutölu í þessum reit (þ.e. ef tekjur eru hærri en gjöld) á að flytja í reit 0900 Hreinar tekjur en neikvæða niðurstöðutölu (þ.e. ef gjöld eru hærri en tekjur) á að flytja, án mínusformerkisins, í reit 0910 Yfirfærslu tap til næsta árs á fyrstu síðu framtalsins.*

# Eignir

Eignir skulu tilgreindar og sundurliðaðar eins og reitir eyðublaðsins gefa til kynna. Vakin er athygli á flokkun birgða eftir tegund, aðgreiningu eignarhluta í innlendum og erlendum félögum og aðgreiningu inneigna hjá tengdum aðilum. Hlutabréfaeign í öðrum félögum skal sundurliða í sérstakri töflu (sjá bls. 42).

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

## 5010 Óefnislegar eignir

Hér skal færa samtölu allra óefnislegra rekstrarfjármuna skv. ársreikningi, sem ekki skal færa annars staðar.

Dæmi um liði sem komið geta í þennan reit eru:

- Rannsókn- og þróunarkostnaður.
- Sérleyfi, einkaleyfi og önnur leyfi, réttur til vörumerkja og sambærileg réttindi og eignir.
- Leiguréttur.
- Annar stofnkostnaður.
- Viðskiptavild.
- Réttur til nýtingar auðlinda. Hér getur t.d. verið um að ræða keypta aflahlutdeild (langtímakvóti í fiskveiðum).
- Fyrirframgreiðslur fyrir óefnislegar eignir.
- Aðrar óefnislegar eignir.

## 5022 Fasteignir - Mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi

Hér skal færa samtölu allra fasteigna, þ.e. mannvirkja, lóða og fasteignaréttinda samkvæmt ársreikningi. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir.

## 5027 Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir

Hér skal færa samtölu varanlegra rekstrarfjármuna, samkvæmt ársreikningi, annarra en fasteigna. Hér er um að ræða bæði fyrnanlegar og ófyrnanlegar eignir. Dæmi um eignir sem hér geta fallið undir eru:

- Skip, flugvélar og fylgihlutir.
- Bifreiðar og flutningatæki.
- Vélar og framleiðslutæki.
- Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld.
- Fyrirframgreiðslur fyrir rekstrarfjármuni og rekstrarfjármuni í smíðum.
- Listaverk.

## 5030 Eignarhlutir í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum), þar með talin hlutabréf, stofnsjóðsinnignir hjá samvinnufélögum og stofnfjáreignir í sameignarfélögum.

Hlutir gjaldanda í innlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum færast í reit 5035.

## 5035 Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í innlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum.

## 5040 Eignarhlutir í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum). Hlutir gjaldanda í erlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum færast í reit 5045.

## Efnahagur

|                                                                           |       |      |
|---------------------------------------------------------------------------|-------|------|
| Óefnislegar eignir                                                        | +     | 5010 |
| Fasteignir – Mannvirki, lóðir og fasteignaréttindi                        | +     | 5022 |
| Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir                                        | +     | 5027 |
| Eignarhlutir í innlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum) | +     | 5030 |
| Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum                    | +     | 5035 |
| Eignarhlutir í erlendum félögum (öðrum en dóttur- og hlutdeildarfélögum)  | +     | 5040 |
| Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum                     | +     | 5045 |
| Hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila                              | * +/- | 5050 |
| Kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar                         | +     | 5060 |
| Kröfur á tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar                              | +     | 5070 |
| Aðrar kröfur                                                              | +     | 5080 |
| Hráfnisbirgðir                                                            | +     | 5090 |
| Vörur og verk í vinnslu                                                   | +     | 5100 |
| Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)                          | +     | 5110 |
| Vörubirgðir (aðrar)                                                       | +     | 5120 |
| Viðskiptakröfur                                                           | +     | 5130 |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður                      | +     | 5140 |
| Inneign virðisaukaskatts                                                  | +     | 5145 |
| Verðbréf                                                                  | +     | 5150 |
| Handbært fé                                                               | +     | 5160 |
| Aðrar eignir                                                              | +     | 5170 |

## 5045 Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélögum

Í þennan reit skal færa alla eignarhluti framteljanda í erlendum hlutdeildarfélögum og dótturfélögum.

## 5050 Hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila

Í þennan reit skal færa samtölu allrar hlutdeildar framteljanda í eigin fé rekstrar, sem rekinn er í samstarfi með öðrum og hefur sjálfstætt bókhald, en ber ekki sjálfstæða skattskyldu. Hér er m.a. um að ræða rekstur hjá sameignarfélagi, sem ekki er sjálfstæður skattaðili sbr. 3. tl. 1. mgr. 2. gr. skattalaga, samrekstur sem ekki er sjálfstæður skattaðili o.s.frv. Þessi reitur getur tekið +/- gildi. Ef um er að ræða hlutdeild í neikvæðu eigin fé ósjálfstæðra skattaðila, færast upphæðin sem mínustala.

Hluti í eigin fé hlutdeildarféлага og dótturféлага færast ekki hér, heldur í reit 5035 *Eignarhlutir í innlendum dóttur- og hlutdeildarfélagum* eða reit 5045 *Eignarhlutir í erlendum dóttur- og hlutdeildarfélagum*.

#### 5060 Kröfur á tengda aðila sem ekki eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar kröfur á tengda aðila, hverju nafni sem þær nefnast, sem ekki eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

#### 5070 Kröfur á tengda aðila sem eru vaxtareiknaðar

Í þennan reit skal færa allar kröfur á tengda aðila, hverju nafni sem þær nefnast, sem eru vaxtareiknaðar með sambærilegum kjörum og gilda í innlánsstofnunum á hverjum tíma.

#### 5080 Aðrar kröfur

Hér skal færa allar langtímakröfur og áhættufé sem ekki færast í aðra reiti. Með langtímakröfum er hér átt við kröfur sem ekki er búist við að verði greiddar innan eins árs. Áhættufé í þessu sambandi er t.d. lán til aðila sem er að hefja áhættusaman rekstur eða einhvers konar tilraunastarfsemi, eða eignir sem hafa ekki ákveðið öruggt verðgildi. Dæmi um liði sem komið geta í þennan reit eru:

- Bundnar innstæður til lengri tíma en eins árs.
- Geymslufé.
- Lánveitingar sem ekki tengjast sölu á vöru/þjónustu.

#### 5090 Hráfnisbirgðir

Í þennan reit skal færa allar hráfnisbirgðir sem notaðar eru til framleiðslu. Efnisbirgðir fyrirtækja í byggingariðnaði og annarri mannvirkjagerð teljast með í þessum reit. Ef framteljandi er með eigin framleiðslu og kaupir einnig fullunnar vörur til endursölu, þarf að greina á milli þeirra birgða sem færast í þennan reit sem hráfnisbirgðir og þeirra birgða sem færast í reit 5120 sem vörubirgðir.

Vörubirgðir verslana og rekstrarvörubirgðir skal færa í reit 5120.

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

#### 5100 Vörur og verk í vinnslu

Hér skal færa allar birgðir vara og/eða verka í vinnslu, þ.e. sem ólokið er í lok reikningsárs og færast því ekki í reit 5110. Einnig falla hér undir byggingar í smíðum hjá byggingarfyrirtækjum.

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

#### 5110 Birgðir fullunninna vara (framleiðslufyrirtækja)

Hér skal færa birgðir fullunninna vara framleiðslufyrirtækja, þ.e. þær vörur sem tilbúnar eru til sölu. Um er að ræða sömu birgðir og færa skal í reit 3015 á 3. síðu framtalsins.

Fyrirtæki, sem stunda framleiðslu eigin vara og kaupa einnig vörur til endursölu, þurfa að greina á milli þeirra birgða sem færast í þennan reit sem birgðir fullunninna eigin vara og þeirra birgða sem færast í reit 5120 sem vörubirgðir.

Vörubirgðir verslana og rekstrarvörubirgðir skal færa í reit 5120.

#### 5120 Vörubirgðir (aðrar)

Hér skal færa aðrar vörubirgðir en þær sem koma eiga í reiti 5090, 5100 og 5110. Hér færast því vörubirgðir verslana, sem ætlaðar eru til endursölu, og rekstrarvörubirgðir, s.s. veiðarfæri, olíur, umbúðir, varahlutir o.s.frv. Hér koma því ekki birgðir vara sem framleiddar eru af fyrirtækinu sjálfu (koma í reit 5110).

Samtölu birgða í reitum 5090, 5100 og 5120 á að færa í reit 3020 á 3. síðu framtalsins.

#### 5130 Viðskiptakröfur

Í þennan reit skal færa viðskiptakröfur sem myndast hafa við sölu á vöru og þjónustu.

#### 5140 Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Hér skal færa aðrar skammtímakröfur, þ.e. kröfur sem innheimtast innan eins árs, og sem ekki ber að færa í reiti 5060, 5070, 5080 eða 5130.

Dæmi um kröfur sem fallið geta hér undir eru:

- Kröfur vegna hvers konar ábyrgða eða lánveitinga.
- Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar fyrirframgreiðslur.
- Skammtímahluti langtímakrafna.
- Ofgreiddir skattar.
- Staðgreiðsla skatts af fjármagnstekjum, ef tap er á rekstri og rekstraraðilinn sætir ekki álagningu tekjuskatts.

#### 5145 Inneign virðisaukaskatts

Í þennan reit skal færa inneign virðisaukaskatts í lok reikningsárs. Ögreiddan virðisaukaskatt á hins vegar að færa í reit 6825.

#### 5150 Verðbréf

Í þennan reit skal færa öll verðbréf sem eru til skemmri tíma en eins árs og ekki færast í reit 5160.

#### 5160 Handbært fé

Í þennan reit skal færa allt handbært fé framteljanda í lok reikningsársins, þ.m.t. innstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs. Hér getur m.a. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Sjóð.
- Óbundnar bankainnstæður.
- Innstæður á ávísanareikningum. Liðurinn handbært fé getur ekki tekið neikvætt gildi. Ef yfirdráttur á ávísanareikningi leiðir til þess að handbært fé verður neikvætt, þá skal hann færður í reit 6840 *Aðrar skammtímaskuldir*.
- Bankainnstæður sem ekki eru bundnar til lengri tíma en eins árs.
- Auðseljanleg verðbréf, sem ætluð eru til sölu eða innlausnar innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs.

#### 5170 Aðrar eignir

Hér skal færa aðrar eignir sem ekki falla undir neitt af ofangreindu.

#### 5990 Eignir samtals

Hér ber að færa samtölu eigna í reitum 5010 til 5170. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.



# Eigið fé

Á **RSK 1.04** er eigin fé skipt niður í hlutafé/stofnfé, lögbundinn varasjóð (hlutafélaga) og annað eigið fé.

Skattframtal rekstraraðila **RSK 1.04** er eins fyrir alla, hvort sem framteljandi er einstaklingur í rekstri eða lögaðili. Þess vegna eiga ekki allir reitir eigin fjár við alla framteljendur. Reitir 6010, 6030 og 6390 (um hlutafé/stofnfé, varasjóð og arð) eiga aðeins við hjá lögaðilum en reitir 6360 og 6380 (um úttektir og framlög til rekstrar) eiga aðeins við hjá einstaklingum og sameignarfélögum.

Hvað varðar misræmi á milli ársreiknings og skattalaga er vísað í kaflann *Leiðréttingar á eigin fé* á bls. 34.

## Óskattlagt eigið fé og fleira

### 6010 Hlutafé (stofnfé í sameignarfélögum)

Hér skal færa hlutafé í hlutafélögum og stofnfé í sameignarfélögum, eins og það er í ársreikningi.

### 6030 Lögbundinn varasjóður

Í þennan reit skal færa fjárhæð lögbundins varasjóðs hlutafélaga skv. ársreikningi, sbr. 100. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 75. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

### 6290 Samtala eiginfjárliða í reitum 6010 og 6030

Hér ber að færa samtölu eiginfjárliðanna í reitum 6010 og 6030. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

|                                                    |   |      |
|----------------------------------------------------|---|------|
| Hlutafé (stofnfé í sameignarfélögum)               | + | 6010 |
| Lögbundinn varasjóður                              | + | 6030 |
| <b>Samtala eiginfjárliða í reitum 6010 og 6030</b> | = | 6290 |
|                                                    |   | 6310 |

## Annað eigið fé

Í þennan kafla færast staða annars eigin fjár við upphaf og lok reikningsárs og allar hreyfingar þess á árinu, sundurliðaðar eins og heiti reita gefa til kynna.

### 6310 Annað eigið fé í upphafi reikningsárs

Hér skal sýna annað eigið fé, eins og það var í lok síðasta reikningsárs.

### 6320 Hagnaður/tap

Í þennan reit kemur hagnaður eða tap ársins, samkvæmt niðurstöðu rekstrar í ársreikningi, og skal fjárhæðin vera jöfn fjárhæð í reit 3990.

### 6330 Reiknað endurgjald

Í þennan reit skal færa reiknað endurgjald (reiknuð laun) í atvinnurekstri, þ.m.t. reiknað endurgjald maka og barna undir 16 ára aldri, og skal fjárhæðin vera jöfn fjárhæð í reit 3080.

### 6360 Úttekt úr rekstri

Í þennan reit skal færa alla eigin úttekt eiganda, hvort sem hún er í reiðufé, vörum, þjónustu eða á öðru formi.

### 6380 Framlög til rekstrar

Framlög eiganda til rekstrar, á hvaða formi sem er, skal færa í þennan reit.

### 6390 Arður (úthlutaður)

Í þennan reit skal færa úthlutaðan arð af hlutafé á árinu.

### 6410 Aðrar breytingar á eigin fé

Hér skal færa breytingar á eigin fé, aðrar en þær sem eiga að koma fram í reitum 6320 til 6390. Breytingar eigin fjár sem leiða til hækkunar annars eigin fjár færast sem + (plús) fjárhæð en breytingar sem leiða til lækkunar annars eigin fjár færast sem - (mínus) fjárhæð. **Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.**

*Gert er ráð fyrir því að framteljendur reyni að finna sem allra flestum breytingum á eigin fé stað í öðrum reitum, eftir því sem unnt er, og noti því reit 6410 sem minnst.*

|                                                                           |   |     |      |
|---------------------------------------------------------------------------|---|-----|------|
| Annað eigið fé í upphafi reikningsárs                                     | * | +/- | 6310 |
| Hagnaður/tap                                                              | * | +/- | 6320 |
| Reiknað endurgjald                                                        |   | +   | 6330 |
| Úttekt úr rekstri                                                         |   | -   | 6360 |
| Framlög til rekstrar                                                      |   | +   | 6380 |
| Arður (úthlutaður)                                                        |   | -   | 6390 |
| Aðrar breytingar á eigin fé                                               | * | +/- | 6410 |
| <b>Annað eigið fé við lok reikningsárs</b><br>Samtala reita 6310 til 6410 | * | =   | 6590 |
| <b>Eigið fé samtals</b><br>Samtala reita 6290 og 6590                     | * | =   | 6690 |
|                                                                           |   |     | 6710 |

### 6590 Annað eigið fé við lok reikningsárs

Hér skal færa annað eigið fé við lok reikningsársins. Sú tala sem hér færast á að vera í samræmi við annað eigið fé í upphafi reikningsárs (reitur 6310) að teknu tilliti til fjárhæðanna í reitum 6320 til 6410. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

### 6690 Eigið fé samtals

Hér skal færa samtölu eigin fjár skv. ársreikningi, þ.e. samtölu reitanna 6290 og 6590. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki. Fjárhæðin í þessum reit flyst síðan óbreytt í reit 7000.

*Fjárhæð í þessum reit á að vera jöfn niðurstöðutölu efnahags samkvæmt ársreikningi.*

Fjárhæðir fá gildi í samræmi við formerki (+ eða -) sem prentað er framan við reit. Reitir sem geta tekið mismunandi formerki eru merktir með stjörnu. Þegar fjárhæð í reit, sem merktur er með stjörnu, á að vera neikvæð þarf framteljandi að gefa fjárhæðinni mínus formerki (t.d. -12.345).



**6800 Viðskiptaskuldir**

Í þennan reit skal færa allar viðskiptaskuldir sem ekki eru færðar annars staðar, t.d. skuldir við birgja og skuldir við flutningsaðila.

**6810 Næsta árs afborganir af langtímalánum**

Í þennan reit skal færa þær afborganir langtímalána sem greiðast skulu innan eins árs (og teljast því hér til skammtímaskulda).

**6825 Ógreiddur virðisaukaskattur**

Hér skal færa ógreiddan virðisaukaskatt í lok reikningsárs. Inneign virðisaukaskatts á hins vegar að færa í reit 5145.

**6830 Aðrar fyrirframinnheimtar tekjur**

Hér skulu koma fyrirframinnheimtar tekjur í lok reikningsárs, sem ekki stafa af virðisaukaskattsskyldri sölu.

**6840 Aðrar skammtímaskuldir**

Hér skal færa allar skammtímaskuldir, sem ekki eru taldar annars staðar. Með skammtímaskuldum er hér átt við

skuldir til skemmri tíma en eins árs. Í reitinn færast skuldir við innlenda aðila sem hvorki teljast viðskiptaskuldir (sbr. reitur 6800) né teljast til fyrirfram innheimtra tekna. Hér gæti t.d. verið um að ræða eftirtalda liði:

- Yfirdráttarlán.
- Afurðalán.
- Ógreidd laun.
- Ógreiddir skattar. Til lækkunar ógreiddum sköttum færast staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts, ef gjaldandi mun sæta álagningu tekjuskatts.
- Áætluð opinber gjöld.
- Ógreiddur arður.
- Ýmis áfallinn en ógreiddur kostnaður.

**6990 Skuldir samtals**

Hér ber að færa samtölu skulda í reitum 6710 til 6840. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

# Leiðréttingar á eigin fé

Skattframtal rekstraraðila, **RSK 1.04**, skal byggjast á ársreikningi, sem gerður er í samræmi við ákvæði laga um bókhald og eftir atvikum laga um ársreikninga. Framtalið byggir þannig á reglum reikningshalds, ásamt þeim breytingum sem nauðsynlegar kunna að vera til samræmis við ákvæði skattalaga. Misræmi, sem leiðir af mun á reglum reikningshalds og skattalaga, þarf því að leiðrétta til að ná fram rétttri niðurstöðu í samræmi við skattalög. Í þessum kafla framtalsins eru gerðar skattalegar leiðréttingar á eigin fé samkvæmt ársreikningi, til að fá út framtalsskylda hreina eign. Byrjað er með fjárhæðina í reit 7000 (en hún er fengin úr reit 6690 *Eigið fé samtals*) og hún leiðrétt til skatts í reitum 7030 til 7190, þ.e. allt þar til réttur skattstofn er fundinn.

|                                                                       |   |   |      |
|-----------------------------------------------------------------------|---|---|------|
| <b>Eigið fé samtals</b><br>Sjá reit 6690 á bls. 4                     | * | = | 7000 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir<br>(þ.m.t. fasteignir) skv. ársreikningi | - |   | 7030 |
| Óefnislegar eignir skv. ársreikningi                                  | - |   | 7040 |
| Fasteignir á fasteignamatsverði                                       | + |   | 7050 |

**Mikilvægt er  
að fyllt sé út í  
alla samtölureiti,  
s.s. reit 7990**

## 7000 Eigið fé samtals

Hér kemur sama tala og er í reit 6690 á 4. síðu framtalsins, þ.e. talan er flutt hingað til að unnt sé að gera skattalegar leiðréttingar á eigin fé í reitum 7030 til 7190. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.

## 7030 Varanlegir rekstrarfjármunir (þ.m.t. fasteignir) skv. ársreikningi

Hér skulu dregnir frá þeir fasteignir í reit 5022 og þeir varanlegu rekstrarfjármunir sem færðir eru í reit 5027, til þess að eignfærsla þessara liða geti orðið í samræmi við ákvæði skattalaga. Þessir fjármunir eru dregnir hér frá á bókfærðu verði skv. ársreikningi, en þeim síðan bætt við aftur í reit 7060 (að frádregnum fasteignum) á bókfærðu verði skv. skattalögum. Fasteignir færast á fasteignamatsverði í reit 7050.

## 7040 Óefnislegar eignir skv. ársreikningi

Hér skulu dregnir frá þeir óefnislegu rekstrarfjármunir sem færðir eru í reit 5010, ef eignfærsla þeirra þar er ekki í samræmi við reglur skattalaga. Því eru slíkir fjármunir dregnir frá hér, en þeim síðan bætt við aftur í reit 7070, eins og þeir eru virtir skv. skattalögum.

## 7050 Fasteignir á fasteignamatsverði

Þar sem fasteignir skal færa á fasteignamatsverði í skattalegu tilliti, sbr. 1. tl. 73. gr. skattalaga, skal hér færa inn fasteignamat þeirra til þess að ná fram réttu skattalegu mati. Í reit 7030 átti að draga frá bókfært verð fasteigna sem fram kom í reit 5022 og í þessum reit skal síðan fasteignamat sömu fasteigna fært inn.

|                                                                      |   |     |      |
|----------------------------------------------------------------------|---|-----|------|
| Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir skv. skattalögum                  | + |     | 7060 |
| Óefnislegar eignir skv. skattalögum                                  | + |     | 7070 |
| Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila | * | +/- | 7080 |
| Skattaleg leiðrétting á eignarhlutum í öðrum félögum                 | * | +/- | 7090 |
| Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum                           | * | +/- | 7100 |
| Niðurfærsla birgða                                                   | - |     | 7105 |
| Arður (reiknaður)                                                    | + |     | 7110 |
| Eftirlaunaskuldbindingar                                             | + |     | 7120 |
| Tekjuskattsskuldbinding                                              | + |     | 7130 |
| Ófrádráttarbær opinber gjöld                                         | + |     | 7140 |
| Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti                                    | * | +/- | 7190 |
| <b>Hrein eign /skuldir umfram eignir</b> Samtala reita 7000 til 7190 | * | =   | 7990 |

Þær fasteignir, sem ekki hafa fengið fasteignamat, skal telja til eignar á stofnverði, að frádregnum fengnum fyrningum, eða á áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er, skv. 2. másl. 1. tl. 73. gr. skattalaga. Sama á við um byggingarkostnað sem ekki hefur komið inn í fasteignamat.

Afgjaldskvaðarverðmæti, sem er 15-föld lóðarleiga ársins, kemur til lækkunar á matsverði í þessum reit.

## 7060 Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir skv. skattalögum

Í þennan reit skal færa bókfært verð annarra varanlegra rekstrarfjármuna en fasteigna, skv. skattalögum. Bókfært verð þessara fjármuna skv. ársreikningi á að hafa verið dregið frá í reit 7030 og þarf því að bæta verðmæti þeirra hér inn aftur, þ.e. öðrum en fasteignum sem eiga að hafa verið færðar í reit 7050.

## 7070 Óefnislegar eignir skv. skattalögum

Í þennan reit skal færa bókfært verð óefnislegra rekstrarfjármuna skv. skattalögum. Bókfært verð þessara fjármuna skv. ársreikningi á að hafa verið dregið frá í reit 7040 og þarf því að bæta verðmæti þeirra hér inn aftur.

### 7080 Skattaleg leiðrétting á hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila

Ef eignfærð hlutdeild í eigin fé ósjálfstæðra skattaðila í reit 5050 er ekki í samræmi við reglur skattalaga, skal leiðrétting færð hér. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

### 7090 Skattaleg leiðrétting á eignarhlutum í öðrum félögum

Ef eignfærð hlutdeild í öðrum félögum í reitum 5030, 5035, 5040 og 5045 er ekki í samræmi við reglur skattalaga, skal leiðrétting færð hér. Hlutabréf skal almennt telja til eignar á nafnverði, nema sannað sé að raunvirði eigna félags að frádregnum skuldum sé lægra en hlutafé þess, sbr. 5. tl. 73. gr. skattalaga. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

### 7100 Skattaleg leiðrétting á kröfum og ábyrgðum

Hafi kröfur verið færðar niður í ársreikningi umfram heimildir skattalaga, skal leiðrétting í þessum reit. Sama á við sé niðurfærslan minni en heimildir skattalaga. Leiðréttingar sem hækka hreina eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

### 7105 Niðurfærsla birgða

Hér er færð sú skattalega niðurfærsla birgða (5%), sem heimiluð er í 4. tl. 31. gr. skattalaga. Hér kemur niðurfærslan í lok reikningsárs. Þetta er sama fjárhæð og í reit 4093.

### 7110 Arður (reiknaður)

Arð vegna rekstrarársins skal færa hér, enda hafi hann verið færður til skuldar í reitum 6710 til 6840.

Athuga ber að ekki er lengur heimilt að draga úthlutaðan arð af hlutafé frá tekjum til skatts og er hann því ekki lengur frádráttarbær frá eignum.

### 7120 Eftirlaunaskuldbindingar

Par sem eftirlaunaskuldbindingar þær, sem færðar eru í reit 6710, eru að jafnaði ekki viðurkenndar til frádráttar eignum skv. skattalögum, þarf að bæta þeim við hreina eign í þessum reit.

### 7130 Tekjuskattsskuldbinding

Par sem tekjuskattsskuldbinding sú, sem færð er í reit 6720, er ekki viðurkennd til frádráttar eignum skv. skattalögum, þarf að bæta henni við hreina eign í þessum reit.

### 7140 Ófrádráttarbær opinber gjöld

Í þennan reit skal færa ófrádráttarbær opinber gjöld, þ.e. áætlaðan og ógreiddan tekjuskatt vegna næsta árs, sem skuldfærð hafa verið. Par sem ekki er heimilt að draga ofangreind gjöld frá hreinni eign, verður að bæta þeim við í þessum reit.

### 7190 Aðrar leiðréttingar skv. yfirliti

Í þessum reit er hægt að gera aðrar þær leiðréttingar sem þörf er á að gera, til þess að færa hreina eign samkvæmt ársreikningi til réttar hreinnar eignar skv. skattalögum. Leið-

réttingar sem hækka hrein eign færast sem + (plús) fjárhæðir en leiðréttingar sem lækka hreina eign færast sem - (mínus) fjárhæðir.

### Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

### 7990 Hrein eign / skuldir umfram eignir

*Hér kemur hrein eign eða skuldir umfram eignir, þ.e. eigið fé í reit 6690/7000 að teknu tilliti til skattalegra leiðréttinga í reitum 7030 til 7190. Ef fjárhæðin er neikvæð þarf að gefa henni mínusformerki.*

*Jákvæða niðurstöðutölu í þessum reit (þ.e. ef eignir eru meiri en skuldir) á að flytja í reit 0920 Hrein eign, en neikvæða niðurstöðutölu (þ.e. ef skuldir eru meiri en eignir) á að flytja, án mínusformerkisins, í reit 0930 Skuldir umfram eignir á fyrstu síðu framtalsins.*

### 7200 Leiðrétting hlutabréfaeignar vegna auðlegðarskatts

Með bráðabirgðaákvæði XXXIII við skattalög nr. 90/2003, sem sett var með 24. gr. laga nr. 128/2009, er vikið frá ákvæði 5. tölul. 73. gr. skattalaga og lögaðilum gert að telja fram hlutdeild sína í öðrum félögum á markaðsverði ef um er að ræða félög sem skráð eru í kauphöll eða á skipulögðum tilboðsmarkaði, en annars hlutdeild sína í skattalegu bókfærðu eigin fé viðkomandi félags í stað nafnverðs.

Gert er ráð fyrir að í flestum tilfellum sé þegar búið að leiðrétta hlutabréfaeign framteljanda í öðrum félögum til nafnverðs í reit 7090 (sbr. 5. tölul. 73. gr. skattalaga) og slík nafnverðseign endurspeglar því í hreinni eign í reit 7990. Hér skal því færa leiðréttingu í samræmi við ofangreint bráðabirgðaákvæði, sem færir hlutabréfaeign í öðrum félögum til markaðsverðs eða "raunvirðis". Athuga skal að þessi leiðrétting getur aðeins fært eign í öðru félagi niður í 0 kr. (jafnvel þó eigið fé þess félags sé neikvætt). Í langflestum tilfellum ætti fjárhæðin í reit 7200 að stemma við mismunareitinn 0470 í hlutabréfatöflunni með framtalinu.

Tilgangur þessa er að ná fram sérstöku (leiðréttu) skattalegu bókfærðu eigin fé félags, sem á hlutabréf í öðrum félögum (sjá reit 7995), sem síðan er notað við útreikning auðlegðarskatts hjá þeim einstaklingum sem eiga hlutabréf í félaginu.

**Sé hlutabréfaeign í öðrum félögum þegar færð á raunvirði í reit 7990 (í stað nafnverðs), skal reitur 7200 ekki notaður!**

### 7995 Skattalegt bókfært eigið fé vegna útreiknings auðlegðarskatts

Hér skal færa summu reita 7990 og 7200, þ.e. eigið fé í reit 7990 að gerðri leiðréttingu í reit 7200 (þar sem hlutabréfaeign í öðrum félögum er færð til „raunvirðis“).



# Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning

Hér skal færa virðisaukaskatt samkvæmt þegar innsendum virðisaukaskattsskýrslum (þ.m.t. þegar innsendum leiðréttingarskýrslum). Til samanburðar er svo færður virðisaukaskattur samkvæmt bókhaldi og ársreikningi.

Þessar upplýsingar eru þær sömu og áður voru gefnar á samanburðarskýrslu virðisaukaskatts, **RSK 10.25**, sem skilað hefur verið með skattframtali. Ef vsk. númer framteljanda eru fleiri en eitt, skal þó áfram skila **RSK 10.25** vegna hvers númers. Hér skal gera grein fyrir öllum virðisaukaskatti framteljanda, þ.e. vegna allra virðisaukaskattsnúmera hans, enda sé **RSK 10.25** skilað fyrir hvert númer, séu þau fleiri en eitt.

Afstemming útskatts verður framkvæmd með eftirfarandi hætti (formúlu):

$0530 = ((1015 - 2475) \times 0,255) - (2480 \times 0,245) - (2490 \times 0,14) + ((1025 - 2495) \times 0,07) + \text{útskattur í dálki 15 í eignaskrá RSK 4.01}$

*Rétt er að taka fram að í blandaðri starfsemi skal áfram fylla út og skila eyðublaði RSK 10.27 Afstemming virðisaukaskatts vegna blandaðrar starfsemi.*

## Samanburður virðisaukaskattsskýrslna við bókhald og ársreikning

|                                        |                 | Samkv. bókhaldi og ársreikningi | Samkv. virðisaukaskattsskýrslum | Mismunur |
|----------------------------------------|-----------------|---------------------------------|---------------------------------|----------|
| Skattskyld velta án vsk. í 25,5% þrepi | * $\frac{+}{-}$ | 0505                            | 0555                            | 0605     |
| Skattskyld velta án vsk. í 24,5% þrepi | * $\frac{+}{-}$ | 0500                            | 0550                            | 0600     |
| Skattskyld velta án vsk. í 14% þrepi   | * $\frac{+}{-}$ | 0510                            | 0560                            | 0610     |
| Skattskyld velta án vsk. í 7% þrepi    | * $\frac{+}{-}$ | 0515                            | 0565                            | 0615     |
| Undanþegin velta (12. gr.)             | * $\frac{+}{-}$ | 0520                            | 0570                            | 0620     |
| Útskattur                              | * $\frac{+}{-}$ | 0530                            | 0580                            | 0630     |
| Innskattur                             | * $\frac{+}{-}$ | 0540                            | 0590                            | 0640     |

### 0505 Skattskyld velta án vsk. í 25,5% þrepi skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa skattskylda veltu án virðisaukaskatts í 25,5% skattþrepi, skv. upplýsingum úr bókhaldi og ársreikningi. Fjárhæðin í þessum reit svarar til samtölu fjárhæðar í reit 1015 og útskattaðs söluverðs seldra eigna, að frádreginni fjárhæðinni í reit 2475.

### 0500 og 0510 Skattskyld velta án vsk. í 24,5% og í 14% þrepi skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa skattskylda veltu án virðisaukaskatts í 24,5% og í 14% skattþrepi, skv. upplýsingum úr bókhaldi og ársreikningi. Fjárhæðin í þessum reitum svarar til fjárhæðarinnar í reitum 2480 og 2490 (færst sem mínustala).

### 0515 Skattskyld velta án vsk. í 7% þrepi skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa skattskylda veltu án virðisaukaskatts í 7% skattþrepi, skv. upplýsingum úr bókhaldi og ársreikningi. Fjárhæðin í þessum reit svarar til fjárhæðarinnar í reit 1025, að frádreginni fjárhæðinni í reit 2495.

### 0520 Undanþegin velta (12. gr.) skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færa veltu í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, sem undanþegin er skv. 1., 2. og 4. mgr. 12. gr. laga um virðisaukaskatt. Fjárhæðin í þessum reit svarar til fjárhæðarinnar í reit 1030, að viðbættri þeirri fjárhæð sem til er komin vegna seldra eigna er tilheyra undanþeginni veltu, að frádreginni fjárhæðinni í reit 2500.

### 0530 Útskattur skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færð fjárhæð útskatts, eins og hún reynist vera skv. bókhaldi og ársreikningi.

### 0540 Innskattur skv. bókhaldi og ársreikningi

Hér skal færð fjárhæð innskatts, eins og hún reynist vera skv. bókhaldi og ársreikningi.

### 0555 - 0590 Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum

Hér skal færa upplýsingar um veltu án virðisaukaskatts í báðum skattþrepum, undanþegna veltu, útskatt og innskatt, skv. þegar innsendum virðisaukaskattsskýrslum, þ.m.t. þegar innsendum leiðréttingarskýrslum.

### 0605 - 0640 Mismunur

Hér færst mismunur reita 0505 og 0555, reita 0500 og 0550, reita 0510 og 0560, reita 0515 og 0565, reita 0520 og 0570, reita 0530 og 0580 og að lokum reita 0540 og 0590. Mismunurinn telst vera jákvæður og er færður sem plústala ef fjárhæðin í fremsta dálkinum er hærri en fjárhæðin í miðdálkinum. Mismunurinn telst vera neikvæður og er færður sem mínustala ef fjárhæðin í fremsta dálkinum er lægri en fjárhæðin í miðdálkinum.

*Komi fram mismunur í reitum 0605, 0600, 0610, 0615, 0620, 0630 eða 0640, skal fylla út og skila leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts, RSK 10.26, vegna hvers virðisaukaskattsnúmers. Sé mismunur jákvæður (skuld) skal skila skýrslu ásamt greiðslu til innheimtumanns, en sé hann neikvæður (inneign) eða núll, vegna færslu á milli tímabila, skal skýrslunni skilað til skattstjóra. Sama á við ef mismunur er einungis vegna álags.*



# Ýmis innskattur

Í þessum kafla skal færa ýmsar upplýsingar um innskatt til þess að afstemming hans sé möguleg.

Við afstemmingu innskatts á **RSK 1.04** er eftirfarandi formúlu beitt:

$$0540 = ((2800 - 2040 - 2130) \times 0,255) + ((2815 - 2055 - 2145) \times 0,07) - 0650 + 0660 + 0670 + 0680 - 0690 + 0695 + \text{innskattur í dálki 6 í eignaskrá RSK 4.01.}$$

Með þessu móti er athugað hvort innskattur skv. reit 0540 sé í samræmi við sundurliðun gjalda m.t.t. virðisaukaskatts og upplýsingar í reitum 0650 til 0695.

Af þessu leiðir að mikilvægt er að sundurliðunin í mismunandi þrep virðisaukaskatts á 2. síðu rekstrarframtalsins sé rétt. Tekið skal fram að ekki er heimilt að færa fjárhæðir í aftasta dálkinn (Ekki vsk.) til að komast hjá rétttri afstemmingu innskatts.

Sá mismunur, sem í einstaka tilfellum kann að koma fram við afstemmingu innskatts, þarf að eiga sér eðlilegar skýringar og vera rekjanlegur í bókhaldsgögnum.

## Ýmis innskattur

|                                            |   |     |      |                                                |            |
|--------------------------------------------|---|-----|------|------------------------------------------------|------------|
| Bakfærður innskattur                       | * | +/- | 0650 | Innskattur greiddur í tolli vegna innflutnings | 0680       |
| Innskattur af eignfærðum kostnaði          | * | +/- | 0660 | 25,5% af kaupverði innfluttra rekstrarfjármuna | 0690       |
| Innskattur af eignfærðri fjármögnunarleigu |   |     | 0670 | Annar handfærður innskattur skv. yfirliti      | * +/- 0695 |

### 0650 Bakfærður innskattur

Hér skal færa bakfærðan innskatt af varanlegum rekstrarfjármunum vegna breytinga á forsendum fyrir frádrætti innskatts á árinu, sbr. ákvæði IV. kafla reglugerðar 192/1993 um innskatt. Bakfærður innskattur (þ.e. lækkun hans) færist sem + (plús) en hækkun á innskatti færist sem - (mínus).

### 0660 Innskattur af eignfærðum kostnaði

Hér skal annars vegar færa innskatt vegna eignfærðra aðfanga, sem hvorki hafa verið færð í töflu yfir sundurliðun gjalda m.t.t. virðisaukaskatts (reitir 2010 til 2530) né verið eignfærð í eignaskrá **RSK 4.01**. Innskattur þessi færist sem + (plús) tala.

Hins vegar færist hér innskattur vegna eignfærðs kostnaðar, sem færður hefur verið í töflu yfir sundurliðun gjalda m.t.t. virðisaukaskatts (reitir 2010 til 2530) en verið bakfærður í reit 3180 og síðan verið færður inn á eignaskrá **RSK 4.01** og innskattur tilgreindur. Innskattur þessi færist sem - (mínus) tala.

### 0670 Innskattur af eignfærðri fjármögnunarleigu

Hér skal færa virðisaukaskatt af leigugreiðslum, þegar fjármögnunarleiga hefur verið eignfærð og fyrnd og leigan er ekki (innifalin í fjárhæð) í reit 2390.

### 0680 Innskattur greiddur í tolli vegna innflutnings

Hér skal færa greiddan virðisaukaskatt í tolli, vegna alls innflutnings, þ.m.t. vegna innflutnings á hráefnum, vörum og varanlegum rekstrarfjármunum. Virðisaukaskattur vegna innflutnings, sem greiddur er í tolli, er ekki í öllum tilfellum sama fjárhæð og reiknast myndi af t.d. erlendum hráefna-kaupum eða vörukaupum skv. rekstrarhluta framtalsins, þ.e.

25,5% af fjárhæðum í reitum 2040 og 2130 og 7% af fjárhæðum í reitum 2055 og 2145. Raunverulegan virðisaukaskatt vegna alls innflutnings sem greiddur hefur verið í tolli þarf því að tilgreina hér.

### 0690 25,5% af kaupverði innfluttra rekstrarfjármuna

Hér skal færa 25,5% af kaupverði þeirra varanlegu rekstrarfjármuna, sem fluttir hafa verið inn erlendis frá og sem innskattaðir hafa verið, og innskattur tilgreindur á eignaskrá **RSK 4.01**. Við afstemmingu verður innskattur reiknaður af eignakaupum skv. eignaskrá **RSK 4.01**, að viðbætti fjárhæð í reit 0680 en að frádraginni fjárhæð í reit 0690, sbr. formúluna fyrir afstemmingu innskatts hér að ofan.

*Í þennan reit færist aðeins fjárhæð vegna fjármuna sem innskattaðir hafa verið.*

### 0695 Annar handfærður innskattur skv. yfirliti

Hér skal færa annan innskatt, sem ekki er gert ráð fyrir að færist í aðra reiti og nauðsynlegt reynist að færa til þess að stemma af innskatt í reit 0540 við aðrar upplýsingar á framtalinu.

Hér getur t.d. verið um að ræða mismun við afstemmingu innskatts, sem nemur greiddum virðisaukaskatti í tolli vegna innfluttra rekstrarvara, sem færa ber í reiti 2070, 2085 eða 2090. Einnig fellur hér undir mismunur við afstemmingu innskatts á framtalinu vegna innflutnings á varahlutum eða viðgerðarþjónustu aðkeyptrar erlendis frá.

**Gera skal grein fyrir sundurliðun fjárhæðar í þessum reit í sundurliðunartöflu framtalsins.**

# Launaframtal

## - Stofn til tryggingagjalds

Á árinu 2011 verða skil einstaklinga í rekstri og lögaðila á launaframtali með eftirfarandi hætti:

- Skattskyldum lögaðilum skv. I. kafla laga nr. 90/2003 ber að gera grein fyrir gjaldstofni tryggingagjalds á 6. síðu skattframtals rekstraraðila **RSK 1.04** og eiga þeir því **ekki** að skila hinu hefðbundna launaframtali **RSK 1.05**.
- Einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, og sem skila skattframtali á pappír, skulu skila launaframtali **RSK 1.05** á pappír, hafi þeir greitt laun eða framlag í lífeyrissjóð á árinu 2010.
- Lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 1. kafla laga nr. 90/2003, skila launaframtali sem hluta af skattframtali óskattskyldra lögaðila **RSK 1.06**.

| Launaframtal 2011 - Launagreiðslur 2010                   |            | Kennitala 0008                                     |        |
|-----------------------------------------------------------|------------|----------------------------------------------------|--------|
| Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu                  |            | Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu        |        |
| Laun                                                      | + 9600     | Laun undanþegin staðgreiðslu                       | + 9630 |
| Ökutækjastyrkir                                           | + 9603     | Reiknuð hlunnindi                                  | + 9636 |
| Önnur laun                                                | + 9606     | <b>Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu</b> | = 9650 |
| Reiknað endurgjald                                        | + 9609     |                                                    |        |
| Mótframlag í lífeyrissjóð                                 | + 9612     |                                                    |        |
| Reiknuð hlunnindi                                         | + 9615     |                                                    |        |
| Staðgreiðsluskyldir dagpeningar                           | + 9618     |                                                    |        |
| Leiðrétting á stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu * | + / - 9621 |                                                    |        |
| Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð  | - 9623     |                                                    |        |
| <b>Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>   | = 9625     |                                                    |        |

### 9600 Laun

Í þennan reit skal færa öll laun, þ.e. þau laun sem færa ber í reit 02 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3030.

### 9603 Ökutækjastyrkir

Í þennan reit skal færa ökutækjastyrki, sem ber að færa í reit 16 á launamiðum, sbr. leiðbeiningar um útfyllingu launamiða. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3050.

### 9606 Önnur laun

Í þennan reit skal færa aðrar greiðslur til launamanna en þær sem færðar skulu í aðra reiti. Hér með eru taldar hvers konar greiðslur sem ganga beint til launamanns, s.s. vegna ýmiss útlagðs kostnaðar hans, sem skv. eðli sínu skal ekki færa annars staðar. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3070.

### 9609 Reiknað endurgjald

Hér færast reiknað endurgjald fyrir vinnu við atvinnurekstur eða starfsemi í samrekstri með öðrum eða vegna lágmarks-launa manns sem starfar hjá lögaðila, sameignarfélagi,

hlutfélagi eða öðru félagi, sem hann er tengdur vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3080.

### 9612 Mótframlag í lífeyrissjóð

Hér færast mótframlag launagreiðanda í lífeyrissjóð starfsmanna. Athugið að öll tillög í lífeyrissjóð (þ.e. hlutur launagreiðanda) færast hér. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3085.

### 9615 Reiknuð hlunnindi

Í þennan reit skal færa hlunnindi, sem reikna ber launamönnum til tekna skv. 5. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 og sem ríkisskattstjóri hefur metið til verðs skv. 118. gr. skattalaga. Hér er t.d. um að ræða bifreiðahlunnindi, fæðishlunnindi og húsnæðishlunnindi. Þetta er sama fjárhæð og færð er í reit 3100.

### 9618 Staðgreiðsluskyldir dagpeningar

Hér færast þeir dagpeningar sem greiddir hafa verið á árinu og eru staðgreiðsluskyldir.

| Sundurliðun eftir mánuðum á ofangreindum stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu |               | Launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskípum (einnig innifaldar í stofni til tryggingagjalds) |               | Sundurliðun eftir mánuðum - Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð |               |
|--------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|--------------------------------------------------------------------------------------|---------------|
| Jan.                                                                                       | + 9661        | Jan.                                                                                           | + 9681        | Jan.                                                                                 | + 9701        |
| Febr.                                                                                      | + 9662        | Febr.                                                                                          | + 9682        | Febr.                                                                                | + 9702        |
| Mars                                                                                       | + 9663        | Mars                                                                                           | + 9683        | Mars                                                                                 | + 9703        |
| Apríl                                                                                      | + 9664        | Apríl                                                                                          | + 9684        | Apríl                                                                                | + 9704        |
| Mái                                                                                        | + 9665        | Mái                                                                                            | + 9685        | Mái                                                                                  | + 9705        |
| Júní                                                                                       | + 9666        | Júní                                                                                           | + 9686        | Júní                                                                                 | + 9706        |
| Júlí                                                                                       | + 9667        | Júlí                                                                                           | + 9687        | Júlí                                                                                 | + 9707        |
| Ágúst                                                                                      | + 9668        | Ágúst                                                                                          | + 9688        | Ágúst                                                                                | + 9708        |
| Sept.                                                                                      | + 9669        | Sept.                                                                                          | + 9689        | Sept.                                                                                | + 9709        |
| Okt.                                                                                       | + 9670        | Okt.                                                                                           | + 9690        | Okt.                                                                                 | + 9710        |
| Nóv.                                                                                       | + 9671        | Nóv.                                                                                           | + 9691        | Nóv.                                                                                 | + 9711        |
| Des.                                                                                       | + 9672        | Des.                                                                                           | + 9692        | Des.                                                                                 | + 9712        |
| <b>Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu</b>                                    | <b>= 9675</b> | <b>Alls</b>                                                                                    | <b>= 9695</b> | <b>Alls</b>                                                                          | <b>= 9715</b> |

### 9621 Leiðrétting á stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu

Ef gera þarf leiðréttingu á fjárhæðum í reitum 9600 til 9615, til þess að ná fram réttum stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu, er leiðréttingin færð í þennan reit.

### Gera skal grein fyrir sundurliðun þessara leiðréttinga í sundurliðunartöflu framtalsins.

### 9623 Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með E101 vottorð

Hér skal draga frá stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu þau laun sem greidd eru til erlendra starfsmanna með E101 vottorð. Þessi laun eru innifalin í launafjárhæð í reit 9600.

Þetta eru erlendir starfsmenn sem ekki eru tryggðir hér á landi skv. ákvæðum reglugerðar EBE nr. 1408/71/EBE. Launagreiðandi skal hafa í vörslu sinni E101 vottorð vegna hlutaðeigandi starfsmanna.

Þessar greiðslur skal sundurliða niður á mánuði í reitum 9701 til 9712.

### 9625 Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu

Hér færast stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu, þ.e. samtala reita 9600 til 9623.

Athugið að fjárhæð í þessum reit á að stemma við samtölu sundurliðunar eftir mánuðum, í reit 9675.

### 9630 Laun undanþegin staðgreiðslu

Hér skal færa öll laun sem eru undanþegin staðgreiðslu.

### 9636 Reiknuð hlunnindi

Hér skal tilgreina fjárhæð þeirra hlunninda, sem ekki eru staðgreiðsluskyld en metin eru til tekna skv. skattmati, t.d. fatahlunnindi.

### 9650 Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

Hér færast stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu, þ.e. samtala reita 9630 til 9636.

### 9661 - 9672 Sundurliðun eftir mánuðum á stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu

Í þessum reitum er stofni til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu skipt niður á þá mánuði sem hann tilheyrir.

### 9675 Samtala mánaðasundurliðunar stofns til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu

Hér færast samtala reita 9661 til 9672.

Athugið að fjárhæð í þessum reit á að stemma við fjárhæðina í reit 9625.

### 9681 - 9692 Sundurliðun eftir mánuðum á launagreiðslum vegna sjómennsku á fiskiskípum

Hér færast launagreiðslur vegna sjómennsku á fiskiskípum eftir mánuðum. Þessar fjárhæðir eru innifaldar í mánaðarsundurliðun á stofni til tryggingagjalds í reitum 9661 til 9672 og/eða reitum 9701 til 9712.

### 9695 Alls

Hér færast samtala reita 9681 til 9692.

### 9701 - 9712 Sundurliðun eftir mánuðum á launagreiðslum til erlendra starfsmanna með E101 vottorð

Hér er fjárhæðin í reit 9623 sundurliðuð eftir mánuðum.

### 9715 Alls

Hér færast samtala reita 9701 til 9712. Athugið að fjárhæð í þessum reit á að stemma við fjárhæðina í reit 9623.

# Útfylling eignaskrár RSK 4.01

## Um útfyllingu einstakra dálka

Athugið að alltaf skal færa upplýsingar í dálka 1, 2, 3, 4 og 7. Aðeins skal færa í dálka 5 og 6 á kaupári eignar og aðeins skal færa í dálka 13 til 18 á söluári eignar.

### 1 Heiti eða tegund eignar

Hér skal tilgreina heiti eða tegund eignar. Ef heiti eða tegund eignar eða eignaflokks ber það ekki með sér til hvers eignin er notuð skal tilgreina hver notkunin er svo að séð verði undir hvaða fyrningarflokk eignin fellur. Nafn fasteignar, ef metin er, skal tilgreint á sama hátt og í fasteignamatsskrá en ella samkvæmt byggingarsamþykkt eða byggingarleyfi. Götunafn og húsnúmer skal tilgreint þar sem það á við. Þegar um fleiri en eitt útihús á bújörð er að ræða, er nóg að tilgreina nafn jarðarinnar í fyrstu línu. Færa skal fastnúmer bifreiðar.

Tilgreina skal til hvers fasteign er notuð, þannig að séð verði undir hvaða fyrningarflokk hún fellur samkvæmt reglugerðinni, t.d. verslunarbygging, verksmiðjubygging, veitingahús, dráttarbraut, gróðurhús o.s.frv., eða enn nánar eftir því sem við á, t.d. ef um útihús á bújörð er að ræða, þá fjós, hlaða, fjárhús o.s.frv.

### 2 Auðkenni eignar

Hér skal færa auðkennisnúmer eignar, sem aðgreinir hana frá öðrum eignum. Auðkenni eignar er níu tölustafir. Fyrstu tveir stafirnir sýna kaupár, næstu tveir sýna fyrningarflokk, þá standa tveir fyrir tegund eignar (sbr. töfluna Tegundarflokkun eigna á næstu síðu) og síðustu þrír stafirnir eru raðnúmer, þar sem fyrsta eign ákveðinnar tegundar sem keypt er á árinu fær númerið 001, næsta eign sömu tegundar fær númerið 002 o.s.frv.

**Dæmi:** Fyrsta tölvan sem keypt var á árinu 2006 (fyrningarflokkur 4 tegund 51) fær auðkennið 060451001.

### 3 Uppruni eignar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir uppruna eignar. Ef eign var til í ársbyrjun skal færa 0, ef eign var keypt á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign var smíðuð, byggð eða framleidd á árinu skal færa 2.

### 4 Ráðstöfun eignar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir ráðstöfun eignar. Ef eign var til í árslok skal færa 0, ef eign var seld á rekstrarárinu skal færa 1 og ef eign ónýttist á árinu skal færa 2.

### 5 Kennitala seljanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu seljanda eignar, sem keypt var á rekstrarárinu. Ef seljandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar.

### 6 Innskattur

Hér skal færa fjárhæð innskatts við kaup á eign. Ef eign var ekki innsköttuð við kaup skal ekkert fært hér. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á kaupári eignar.

### 7 Kaupverð/stofnverð

Hér skal tilgreina kaupverð eða stofnverð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2009 í dálki 7, eða kaupverð eða stofnverð eigna sem aflað var á árinu 2010.

### 8 Bókfært verð í upphafi reikningsárs

Hér skal tilgreina bókfært verð eigna, sem til voru í upphafi reikningsárs, eins og það var samkvæmt eignaskrá fyrir árið 2009 í dálki 12.

### 9 Fyrningarlutfall

Hér skal tilgreina hundraðshluta fyrningar af fyrningargrunni eignar, sbr. 37. gr. skattalaga.

### 10 Almenn fyrning ársins

Hér skal færa almenna fyrningu ársins. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar

við öflun tekna, sbr. 34. gr. Eign skv. 1. og 2. tl. 33. gr. (fyrningarflokkar 1-6) má aldrei fyrna meira en svo að ávallt standi eftir 10% af fyrningargrunni hennar sem niðurlagsverð eignarinnar, sbr. 42. gr. Full fyrning er á því ári þegar eign er fyrst nýtt við öflun tekna en ekki er heimilt að fyrna eign á því rekstrarári þegar nýtingu hennar lýkur vegna sölu. Hér skal fyrna að fullu þær eignir sem ónýttast á árinu.

Ef um lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi bókfærðs verðs í upphafi reikningsárs samkvæmt dálki 8 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9. Ef eign var keypt á árinu skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9. Ef eign varð ónýtt á árinu skal þó færa hér eftirstöðvar bókfærðs verðs.

Ef um aðrar eignir en lausafé er að ræða skv. 1. tölul. 33. gr. skal færa hér margfeldi kaupverðs/stofnverðs samkvæmt dálki 7 og fyrningarlutfalls skv. dálki 9, eða eftirstöðvar bókfærðs verðs ef eign varð ónýtt á árinu.

### 11 Aukafyrning ársins

Hér skal tilgreina fyrningar sem heimilar eru samkvæmt 14. gr. skattalaga.

### 12 Bókfært verð í lok reikningsárs

Hér skal færa bókfært verð eigna í lok reikningsárs. Bókfært verð eigna sem til voru í upphafi reikningsárs er fjárhæð í dálki 8 að fráregnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11. Bókfært verð eigna sem aflað var á árinu er fjárhæð í dálki 7 að fráregnum fyrningum í dálki 10 og aukafyrningum í dálki 11.

### 13 Kennitala kaupanda

Í þennan dálk skal færa kennitölu kaupanda eignar, sem seld var á rekstrarárinu. Ef kaupandi er erlendur og hefur ekki kennitölu skal færa hér 999999-9999. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

### 14 Söluverð

Hér skal færa söluverð sérhverrar seldrar eignar á rekstrarárinu. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

### 15 Útskattur

Hér skal færa fjárhæð útskatts við sölu á eign. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

### 16 Söluhagnaður/sölutap (-)

Hér skal færa söluhagnað eða sölutap af sérhverri seldri eign á rekstrarárinu. Söluhagnaður færirst sem + (plús) og sölutap sem - (mínus).

Athugið að ekki skal fylla dálkinn út vegna eigna sem ónýttast á árinu. „Sölutapið“ er þess í stað fært sem fyrning í dálki 10. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

### 17 Frestaður söluhagnaður

Sé þess óskað að skattlagningu söluhagnaðar í dálki 16 verði frestað, kemur í þennan dálk sú fjárhæð söluhagnaðar af hverri seldri eign sem frestað er til skattlagningar, skv. 14. gr., 15. gr., 22. gr. eða 27. gr. skattalaga. Tilgreina skal flokk frestunar í dálki 18. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

### 18 Flokkur frestunar

Í þennan dálk skal færa kóða fyrir flokk frestunar á söluhagnaði. Fjárhæð frestaðs söluhagnaðar skal færð í dálki 17. Aðeins er fyllt út í þennan dálk á söluári eignar.

- Merkja á 1 ef óskað er frestunar á skattlagningu söluhagnaðar um tvenn áramót, skv. 14. eða 15. gr. skattalaga.
- Merkja á 2 sé um að ræða frestun á skattlagningu söluhagnaðar um allt að fimm ár vegna alþjóns eða eignarnáms, skv. 22. gr. skattalaga.
- Merkja á 3 til 7 ef óskað er frestunar í hlutfalli við afborgunartíma skuldaviðurkenningar, skv. 27. gr. skattalaga, þ.e. 3 fyrir þrjú ár, 4 fyrir fjögur ár o.s.frv., upp í 7 fyrir sjö ár.

# Auðkenni eigna

Auðkenni eignar er níu tölustafir. Fyrstu tveir stafirnir sýna kaupár, næstu tveir sýna fyrningarflokk, þá standa tveir fyrir tegund eignar (sbr. töfluna *Tegundarflokkun eigna* hér að neðan) og síðustu þrír stafirnir eru raðnúmer, þar sem fyrsta eign ákveðinnar tegundar sem keypt er á árinu fær númerið 001, næsta eign sömu tegundar fær númerið 002 o.s.frv.

**Dæmi:** Fyrsta tölva keypt á árinu 2006 (fyrningarflokkur 4 af tegundinni 51) fengi því auðkennið 060451001.

Kaup og sölu hlutabréfa skal ekki færa í eignaskrá **RSK 4.01**. Því fá hlutabréf ekki sérstakt auðkennisnúmer.

## Tegundarflokkun eigna

Hér kemur fram tegundarflokkun eigna í hverjum fyrningarflokki. Hér er um að ræða stafi númer 3 til 6 í auðkennisnúmeri eignar.

### Fyrningarflokkur 1

*Fólksbifreiðar*

01 11 Jeppabifreiðar fyrir færri en níu menn

01 99 Fólksbifreiðar fyrir færri en níu menn, aðrar en leigubifreiðar

### Fyrningarflokkur 2

*Skip og skipsbúnaður og loftför og fylgihlutir þeirra*

02 01 Flugvélar og önnur loftför og fylgihlutir þeirra

02 11 Bátar undir 12 rúmlestum

02 39 Önnur skip og bátar

02 40 Eignfærðar breytingar á skipi

02 51 Siglingatæki og önnur tæki í brú

02 61 Vélar í skip og báta, stýrisbúnaður

02 71 Spil/dælur um borð í skipi

02 99 Annar skipsbúnaður

### Fyrningarflokkur 3

*Verksmiðjuvélar og hvers konar iðnaðarvélar og tæki*

03 11 Fiskvinnsluvélar

03 21 Matvælaíðnvélar

03 31 Prentiðnaðarvélar

03 39 Ljósmyndavélar og framköllunartæki

03 41 Vélar fyrir trésmíði

03 50 Byggingarmót

03 51 Vélar fyrir málmsmíði

03 59 Rafiðnaðar- og rafsuðuvélar

03 71 Vélar fyrir vefjaiðnað

03 77 Þvottavélar og þurrkarar

03 81 Vigtar

03 83 Dælur og pressur

03 85 Þökkunar- og átöppunarvélar

03 89 Kæli- og frystikerfi

03 99 Aðrar verksmiðjuvélar og hvers konar iðnvélar og tæki

### Fyrningarflokkur 4

*Skrifstofuáhöld og -tæki*

04 11 Húsbúnaður

04 15 Innréttingar

04 31 Símkarfi og símstöðvar

04 35 Stimpilklukkur, kerfi

04 41 Afgreiðslukassar og -kerfi

04 51 Tölvur

04 53 Hugbúnaður

04 55 Tölvuprentarar

04 59 Annar tölvubúnaður

04 91 Önnur raftæki fyrir skrifstofur

04 99 Önnur skrifstofuáhöld og -tæki

### Fyrningarflokkur 5

*Vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, svo og annað lausafé, annað en það sem færir í fyrningarflokka 1 til 4*

05 01 Leigubifreiðar

05 05 Sendibifreiðar

05 09 Rútabifreiðar

05 14 Talstöðvar, bílasímar, gjaldmælar, ökuritar

05 21 Vörubifreiðar

05 29 Kerrur, dráttar- og tengivagnar

05 31 Kranabifreiðar

05 37 Lyftarara

05 41 Jarðýtur og gröfur

05 49 Önnur tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar

05 61 Vinnupallar

05 65 Vinnuskúrar (lausir)

05 69 Gámar

05 70 Þjálfunar- og líkamsræktartæki

05 75 Lækningatæki og rannsóknartæki

05 80 Hljóðfæri

05 90 Tæki til landbúnaðar

05 97 Vélsleðar, fjórhjól og vélhjól

05 99 Annað lausafé sem fellur ekki undir fyrningarflokka 1 til 4

### Fyrningarflokkur 6

*Mannvirki*

06 01 Skrifstofubyggingar

06 05 Verslunarbyggingar

06 09 Íbúðarhús

06 10 Sumarbústaðir

06 13 Verksmiðjubyggingar

06 15 Verkstæðisbyggingar

06 17 Vörugemyslubyggingar

06 19 Dráttarbrautir

06 29 Bílskýli og -skúrar

06 31 Gisti- og veitingahús

06 35 Útihús á bújörðum

06 37 Ræktun á bújörðum

06 41 Loðdýrabú og girðingar þeim tengdar

06 45 Gróðurhús

06 49 Bryggjur og plön

06 51 Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar

06 61 Borholur

06 65 Rafínur

06 71 Vinnubúðir, óvaranlegar

06 99 Önnur mannvirki

### Fyrningarflokkur 7

*Eyðanleg náttúruauðæfi*

07 01 Malar- og grjótnámur

07 99 Önnur eyðanleg náttúruauðæfi

### Fyrningarflokkur 8

*Keyptur eignarréttur og keypt viðskiptavild*

08 11 Viðskiptavild

08 31 Einkaleyfi og vörumerki

08 51 Höfundaréttur

08 71 Útgáfuréttur

08 99 Annar keyptur eignarréttur

### Fyrningarflokkur 9

*Ófyrnanlegar eignir*

09 01 Lóðir og lönd

09 11 Kvóti í fiskveiðum, ótalin annars staðar

09 12 Kvóti í fiskveiðum, þorskur

09 13 Kvóti í fiskveiðum, ýsa

09 14 Kvóti í fiskveiðum, ufsi

09 15 Kvóti í fiskveiðum, karfi

09 16 Kvóti í fiskveiðum, grálúða

09 17 Kvóti í fiskveiðum, síld

09 18 Kvóti í fiskveiðum, loðna

09 19 Kvóti í fiskveiðum, steinbitur

09 20 Kvóti í fiskveiðum, koli

09 21 Kvóti í fiskveiðum, úthafsarkja

09 22 Kvóti í fiskveiðum, úthafsarkarfi

09 23 Kvóti í fiskveiðum, kolmunnir

09 81 Listaverk

09 99 Aðrar ófyrnanlegar eignir

### Fyrningarflokkur 10

*Niðurfærnanlegar eignir*

10 01 Framleiðsluréttur í landbúnaði

10 10 Stofnkostnaður

10 99 Aðrar niðurfærnanlegar eignir



# Yfirlit hlutabréfaeignar í öðrum félögum (innlendum og erlendum)

Í þessar töflur skal sundurliða hlutabréfaeign félagsins í öðrum félögum, jafnt innlendum sem erlendum. Ef félagið á engin hlutabréf í öðrum félögum eru þessar töflur tómar. Fyrir hvert innlent félag skal a.m.k. koma fram nafn félags, kennitala þess og nafnverð hlutafjäreignar. Fyrir hvert erlent félag skal a.m.k. koma fram nafn félags, land og bókfært verð hlutafjäreignar (gæti t.d. verið fært á kaupverði eða markaðsverði).

Ef fyrir liggur **markaðsvirði** (viðkomandi félag er skráð í kauphöll eða á tilboðsmarkaði) skal skrá það í dálkinn „raunvirði“, en annars **hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé** viðkomandi félags. Dálkurinn „raunvirði“ getur verið auður, ef ekki er vitað hvert skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags er. Athugið að hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé getur ekki farið niður fyrir 0 kr. (orðið neikvæð), jafnvel þó að skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags sé neikvætt. Raunvirði eignar framteljanda í öðru félagi getur þannig ekki verið minni en 0 kr. og fjárhæðin í dálknum „raunvirði“ getur þannig ekki tekið mínusgildi.

Í samtölureitum 0450 og 0460 eru teknar saman samtölur nafnverðs/bókfærðs verðs og „raunvirðis“. Í mismunareitnum 0470 er reiknaður mismunur á raunvirði og nafnverði/bókfærðu verði (reitir 0460 - 0450). Í langflestum tilfellum ætti þá fjárhæðin í mismunareitnum 0470 að stemma við reit 7200 (Leiðrétting hlutabréfaeignar vegna auðlegðarskatts).

Tilgangur töflunnar er að draga fram leiðréttingu á hlutabréfaeign félags til raunvirðis í reit 7200. **Ef hlutabréf eru þegar færð á raunvirði í framtalinu (í reit 7990) þarf ekki að fylla töfluna út með mismun í reit 0470.**

## 0400 Nafn félags

Hér skal skrá nafn viðkomandi félags (íslensks eða erlends).

## 0410 Kennitala

Hér skal skrá kennitölu félags, ef um íslenskt félag er að ræða.

## 0420 Land

Hér skal skrá heimaland félags, ef um erlent félag er að ræða.

## 0430 Nafnverð/bókfært verð hlutafjár

Hér skal skrá nafnverðseign í íslensku félagi, en bókfært verð eignar í erlendu félagi (sem getur verið nafnverð, kaupverð eða markaðsverð).

## 0440 Raunvirði hlutafjäreignar (ekki lægra en 0 kr.)

Ef fyrir liggur **markaðsvirði** (viðkomandi félag er skráð í kauphöll eða á tilboðsmarkaði) skal skrá það í dálkinn „raunvirði“, en annars **hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé** viðkomandi félags. Dálkurinn „raunvirði“ getur verið auður,

ef ekki er vitað hvert skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags er. Athugið að hlutdeild í skattalegu bókfærðu eigin fé getur ekki farið niður fyrir 0 kr. (orðið neikvæð), jafnvel þó að skattalegt bókfært eigin fé viðkomandi félags sé neikvætt.

## 0450 Samtals nafnverð/bókfært verð

Hér skal skrá samtölu nafnverðseignar/bókfærðs verðs íslenskra og erlendra félaga í reitum 0430.

## 0460 Samtals raunvirði

Hér skal skrá samtölu „raunvirðis“ íslenskra og erlendra félaga í reitum 0440.

## 0470 Mismunur

Hér skal færa mismun raunvirðis í reit 0460 og nafnverðs/bókfærðs verðs í reit 0450 (þ.e. 0460 - 0450). Í langflestum tilfellum ætti fjárhæðin í mismunareitnum 0470 að stemma við reit 7200 (Leiðrétting hlutabréfaeignar vegna auðlegðarskatts).

### Hlutabréfaeign í íslenskum félögum

| Nafn félags | Kennitala | Nafnverð | Raunvirði*<br>Markaðsverð/hlutdeild í skattalegu eigin fé |
|-------------|-----------|----------|-----------------------------------------------------------|
| 0400        | 0410      | 0430     | 0440                                                      |
| 0400        | 0410      | 0430     | 0440                                                      |
| 0400        | 0410      | 0430     | 0440                                                      |
| 0400        | 0410      | 0430     | 0440                                                      |

### Hlutabréfaeign í erlendum félögum

| Nafn félags | Land | Bókfært verð<br>Nafnverð, kaupverð eða markaðsverð | Raunvirði*<br>Markaðsverð í lok tekjuárs |
|-------------|------|----------------------------------------------------|------------------------------------------|
| 0400        | 0420 | 0430                                               | 0440                                     |
| 0400        | 0420 | 0430                                               | 0440                                     |

## DÆMI 1

## Tekjur undir viðmiðunarmörkum í virðisaukaskatti

Dæmi um einstakling með rekstur sem er undanþeginn virðisaukaskattsskyldu, þar sem tekjur eru undir viðmiðunarmörkum. Aðilinn er ekki með neinar eignir í rekstrinum. Sundurliðun tekna og gjalda gæti litið svona út:

## Rekstrartekjur:

|                    |                |
|--------------------|----------------|
| Útseld vinna ..... | 160.000        |
| Tekjur alls .....  | <u>160.000</u> |

## Rekstrargjöld:

|                              |                |
|------------------------------|----------------|
| Reiknað endurgjald .....     | 100.000        |
| Framlag í lífeyrissjóð ..... | 8.000          |
| Tryggingagjald .....         | 5.767          |
| Gjaldfærð áhöld .....        | <u>7.421</u>   |
| Gjöld alls .....             | <u>121.188</u> |

Rekstrarhagnaður ..... Kr. 38.812

## Fært á RSK 1.04:

## Bls. 1



| Álagningargrunnur gjalda og fleira |      |        |
|------------------------------------|------|--------|
| Hreinar tekjur                     | 0900 | 38.812 |
| Yfirfæranlegt tap til næsta árs    | 0910 |        |
| Hrein eign                         | 0920 |        |
| Skuldir umfram eignir              | 0930 |        |

## Bls. 2



|                                               |   |      |                |
|-----------------------------------------------|---|------|----------------|
| Aðrar tekjur                                  | + | 1060 | 160000         |
| Leiðrétting rekstrartekna m.t.t. ársreiknings | * | +/-  |                |
| <b>Rekstrartekjur samtals</b>                 | * | =    | <b>160.000</b> |
| Samtala reita 1010 til 1070                   |   |      |                |

|                               |   |      |  |      |       |                            |      |
|-------------------------------|---|------|--|------|-------|----------------------------|------|
| Gjaldfærðir rekstrarfjármunir | + | 2410 |  | 2420 | 7.421 | Undanþegin velta (12. gr.) | 2500 |
|                               |   |      |  |      |       |                            |      |

|                  |   |      |  |      |  |      |       |   |      |
|------------------|---|------|--|------|--|------|-------|---|------|
| <b>Samtals *</b> | = | 2800 |  | 2815 |  | 2820 | 7.421 | = | 2830 |
|------------------|---|------|--|------|--|------|-------|---|------|

## Bls. 3



|                                                |   |   |      |       |      |
|------------------------------------------------|---|---|------|-------|------|
| <b>Samtals reitir 2800, 2815, 2820 og 2830</b> | * | = | 2990 | 7.421 | 3005 |
|------------------------------------------------|---|---|------|-------|------|

|                           |   |      |         |      |
|---------------------------|---|------|---------|------|
| Reiknað endurgjald        | + | 3080 | 100.000 | 3090 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | + | 3085 | 8.000   | 3095 |
| Önnur launatengd gjöld    | + | 3090 | 5.767   | 3100 |

|                                           |   |   |      |         |      |
|-------------------------------------------|---|---|------|---------|------|
| <b>Rekstrargjöld samtals</b>              | * | = | 3590 | 121.188 | 3600 |
| Samtala reita 2990 til 3290               |   |   |      |         |      |
| <b>Rekstrartekjur mínus rekstrargjöld</b> | * | = | 3600 | 38.812  | 3610 |
| Mismunur reita 1090 og 3590               |   |   |      |         |      |

|                                       |   |   |      |        |      |
|---------------------------------------|---|---|------|--------|------|
| <b>Hagnaður/tap skv. ársreikningi</b> | * | = | 3990 | 38.812 | 4010 |
| Samtala reita 3600 til 3700           |   |   |      |        |      |

## Bls. 4



|                                                       |   |   |      |        |      |
|-------------------------------------------------------|---|---|------|--------|------|
| <b>Hreinar tekjur/yfirfæranlegt tap til næsta árs</b> | * | = | 4990 | 38.812 | 5010 |
| Samtala reita 3990 til 4610                           |   |   |      |        |      |

|                                       |   |      |         |        |
|---------------------------------------|---|------|---------|--------|
| Annað eigið fé í upphafi reikningsárs | * | +/-  | 6310    | 0      |
| Hagnaður/tap                          | * | +/-  | 6320    | 38.812 |
| Reiknað endurgjald                    | + | 6330 | 100.000 |        |
| Úttekt úr rekstri                     | - | 6360 | 138.812 |        |

|                                            |   |   |      |   |  |
|--------------------------------------------|---|---|------|---|--|
| <b>Annað eigið fé við lok reikningsárs</b> | * | = | 6590 | 0 |  |
| Samtala reita 6310 til 6410                |   |   |      |   |  |
| <b>Eigið fé samtals</b>                    | * | = | 6690 | 0 |  |
| Samtala reita 6290 og 6590                 |   |   |      |   |  |



## DÆMI 2

## Maður með sjálfstæða starfsemi

Dæmi um mann sem vinnur einn við sjálfstæða starfsemi sína. Gert er ráð fyrir að engin verk séu í vinnslu um áramót og efnisbirgðir engar í upphafi og lok árs. Sundurliðun tekna, gjalda, eigna og eigin fjár gæti litið svona út:

## Rekstrartekjur:

|                            |                  |
|----------------------------|------------------|
| Útseld vinna og efni ..... | 2.833.000        |
| Tekjur alls .....          | <u>2.833.000</u> |

## Rekstrargjöld:

|                                  |                  |
|----------------------------------|------------------|
| Efnisnotkun .....                | 851.074          |
| Reiknað endurgjald .....         | 1.295.205        |
| Framlag í lífeyrissjóð .....     | 103.616          |
| Tryggingagjald .....             | 74.697           |
| Viðhald véla og tækja .....      | 65.328           |
| Pappír, prentun og ritföng ..... | 19.852           |
| Fyrningar .....                  | 83.538           |
| Ýmis kostnaður .....             | 3.850            |
| Gjöld alls .....                 | <u>2.497.160</u> |

|                        |                |
|------------------------|----------------|
| Rekstrarhagnaður ..... | <u>335.840</u> |
|------------------------|----------------|

## Eignir:

|                    |                |
|--------------------|----------------|
| Iðnaðarvélur ..... | <u>272.891</u> |
|--------------------|----------------|

## Eigið fé:

|                          |                   |
|--------------------------|-------------------|
| Staða 1.1. ....          | 356.429           |
| Hagnaður ársins .....    | 335.840           |
